

INNGANGUR

Ágætu nemendur, foreldrar/forráðamenn og aðrir lesendur.

Vísir er skólanámskrá grunnskóladeildar Öxarfjarðarskóla, sem er samrekinna leik- og grunnskóli, og út koma bæði Litli-Vísir og Stóri-Vísir. Þar sem námskráin fer nú eingöngu á heimasíðu skólans er þetta að miklu leyti samofið plagg. Í Litla-Vísi er fyrst og fremst almennur hluti skólanámskrárinnar. Í Stóra-Vísi er hverri námsgrein hins vegar gerð skil. Skólanámskrá þarfnast sífelldrar endurskoðunar og hún tekur því einhverjum breytingum frá ári til árs. Námskrá leikskóladeilda er á vef skólans.

Litli-Vísir kom upphaflega út í ritstjórn Péturs Þorsteinssonar og er að okkar mati samofinn námskránni og fylgir ritstjórastíll hans námskránni áfram með hans leyfi.

Aðalmarkmið skólanámskrár er að gefa ljósa mynd af þeim starfsháttum, áherslum og stefnum sem endurspeglast í skólastarfinu. Auk þess er þar töluvert af hagnýtum upplýsingum sem þægilegt er að hafa aðgengilegar á einum stað. Slíkar upplýsingar geta þó aldrei verið tæmandi og við munum halda áfram að senda fréttakorn um starf skólans beint til foreldra og á vef Öxarfjarðarskóla. Við viljum byggja upp gott samstarf og upplýsingastreymi milli heimila og skóla. Lykilatriði í góðu skólastarfi er góð samvinna foreldra, nemenda og starfsfólks skólans.

Við erum enn að byggja upp og þróa framsækið og heildstætt skólastarf með lengdri viðveru starfsfólks og nemenda og þar sem kennsla, heimanám og ýmis námskeið eru í samfellu. Við viljum leggja rækt við vellíðan nemenda og starfsfólks, sem er undirstaða ánægjulegs vinnustaðar. Við munum halda áfram að vinna að vistvænni hegðun og leggjum áherslu á að Öxarfjarðarskóli sem gerir sér far um að nemendur kynni sé stórbrotna náttúru nærumhverfisins m.a. í samstarfi við Björgunarsveitina Núpa. Unglingadeildarsamstarf Öxarfjarðarskóla og Björgunarsveitarinnar Núpa hefur vakið athygli enda frumkvöðlastarf þar á ferð. Föstudaginn 14. október 2011 réttist langþráður draumur þegar marimbahljóðfærin komu í hús og eru nemendur þegar farnir að spreyta sig.

Að lokum viljum við þakka foreldrum/forráðamönnum og öðrum velunnurum fyrir þá velvild sem þeir hafa sýnt starfi skólans og ítreka að dyr skólans standa ykkur ávallt opnar og við tökum fagnandi þeim gestum sem heimsækja okkur í skólann og svörum gjarnan þeim spurningum sem upp kunna að koma.

**Með vinsemd og virðingu
fh. starfsfólks Öxarfjarðarskóla**

Guðrún S. Kristjánsdóttir
skólastjóri

EFNISYFIRLIT

Inngangur	1
Efnisyfirlit	2
Ritstjórapistill	4
Skólafestna Öxarfjarðarskóla	6
Skóli - umhverfi - samfélag.....	6
Uppbyggingarstefnan – Uppeldi til ábyrgðar.....	6
Nemendur.....	8
Starfsmenn	9
Heimili og skóli	9
Agi og umgengni	10
Samskiptahættir	10
Starfsagi	10
Agabrot.....	10
Yfirsjónir.....	11
Ásetningsbrot.....	11
Skólareglur	11
Viðurlög við brotum á skólareglum Öxarfjarðarskóla	12
Skipulag náms og kennslu	13
Samkennsla	13
Hlutverk umsjónarkennara	14
Samstarf kennara	14
Stuðnings- og sérkennsla	15
Reglubundin próf og skimanir:	16
Móttaka nýrra nemenda – Brúum bilið	17
Byrjendalæsi	17
Lengd viðvera	17
Nemendur með annað móðurmál en íslensku.....	18
Námsmat	18
Innra mat	19
Forföll og leyfi.....	19
Hagnýtar upplýsingar	19
Símanúmer Öxarfjarðarskóla	19
Starfsfólk Öxarfjarðarskóla.....	19
Önnur símanúmer:	21
Skólabílstjórar	21
Tímasetning rútufurða	21
Reglur í skólabílum.....	21
Ófærð – afboðun skóla.....	21
Skólaráð Öxarfjarðarskóla	22
Nemendaverndarráð Öxarfjarðarskóla.....	22
Menningar- og fræðsluráð Norðurþings.....	22
Áfallaráð Öxarfjarðarskóla.....	22
Umhverfisráð Öxarfjarðarskóla	22
Skóladagatal	23
Útskýringar á skóladagatali 2011-2012	24
Félags- og tómstundastarf	25
Fulltrúar Öxarfjarðarskóla í Ungmennaráði Norðurþings:.....	25
Nefndir í unglingadeild	25
Leiklist og sviðsreynsla	25
Stóra upplestrarkeppnin	26
Félagsmál	26
Haustgleði.....	26
Umhverfisstefna	26
Frá umhverfisráði Öxarfjarðarskóla	26

Forvarnir	27
Vímuefnavarnir	27
Einelti og félagatengsl.....	28
Áföll.....	29
Tölvumál	29
Mötuneyti	30
Samstarfsaðilar	30
Menningar- og fræðsluráð	30
Skólaráð	30
Foreldrafélag Öxarfjarðarskóla	31
Félags- og skólaþjónusta Þingeyinga	31
Leikskóladeildir Öxarfjarðarskóla	32
Bygðasafn Norður-Þingeyinga	32
Heilsugæsla	32
Samtök fámennra skóla, SFS	34
Samstarf við Tónlistarskóla Húsavíkur.....	34
Atvinnuþema	34
Þemavika.....	34
Mat á skólastarfi 2011 - 2012.....	35
Hvers vegna sjálfsmat?	35
Hver er tilgangurinn með sjálfsmati?.....	36
Val á matsaðferðum og matstækjum	36
Ytra mat – Úttekt	36
Hugmyndir að umbótaverkefnum 2011-2013	37
Skerpa kennslufræðilegar áherslur	37
Skilgreina framtíðarsýn okkar á skólastarfið	37
Vinna að námsmatsstefnu skólans	37
Endurskoðun Stóra-Vísis.....	37
Endurmenntunaráætlun 2011 - 2012.....	38
Fámennir skólar - samkenndsla.....	38
Gerð kennslu- og námsáætlana	38
Uppbyggingarstefnan	38
Nýsköpun og frumkvöðlastarf.....	38
Námsmat	38
Mat á skólastarfinu	38
Velliðan á vinnustað	38
Kennaranám/starfsmenntun	39
Skipulag námshópa	39
Inngangur.....	39
Almenn markmið	39
námsgreinar	40
Tónmennt.....	40
Íslenska	40
Stærðfræði.....	44
Enska	46
Danska	48
Samfélagsgreinar og náttúrufræði.....	50
Íþróttir, skólasund, líkams- og heilsurækt.....	57
Lífsleikni	59
Myndmennt.....	60
Tölvu- og upplýsingatækni.....	62
Textílmennt.....	65
Smíðar.....	67
Valfög í unglingadeild (9.-10. bekk) haustönn 2011	70
Valfög í unglingadeild (9.-10. bekkur) vorönn 2012.....	71

RITSTJÓRAPISTILL

*Hve feginn vildi ég enn fyrir yður brýna:
hvert einstakt líf, það biður um samhlýð þína.*

(Bertolt Brecht, þýð. H. K. Laxness)

Frjálslynd mannúðarstefna

Einstaklingurinn er grunneining samfélagsins. Einstaklingur setur mark á samfélag sitt með orðum sínum og gjörðum, en gjörðir annarra, leikreglur samfélagsins og tíðarandi, móta hann. Örlög hans eru órjúfanlega samofin örlögum annarra manna. Enginn er eyland.

Til að samfélag fái notið allra krafta sinna þarf hver einstaklingur að vera frjáls til orðs og æðis innan þeirra marka sem sömu réttindi annarra manna setja honum. Hann þarf að virða rétt annarra til að haga lífi sínu á annan veg en hann sjálfur kys. Hann þarf að vera reiðubúinn í sókn og vörn fyrir þau gildi sem hann telur réttlát og skynsamleg og hann þarf að vera reiðubúinn að endurskoða afstöðu sína ef hann reynist hafa á röngu að standa. Hann þarf að skilja að gagnrýni er forsenda umbóta og að rökræður og frjáls skoðanaskipti eru tæki til að bæta heiminn. Umburðarlyndi, réttlætiskennd og hreinskiptni eru höfuðdyggðir hins farsæla manns.

Bældir menn og undirgefnir eru ófærir um að móta samfélag sitt og þróa það á betri veg. Hæfileikar þeirra fara í súginn, sérkenni þeirra glatast og samfélagið verður snauðara og fábreyttara. Valdstjórn spillir einnig þeim sem ráða. Þeim verður tamt að sækja styrk sinn í formlegt vald stofnana og lagabálka fremur en rökræðu og samráð. Þeir telja gagnrýni jafngilda árás og umbótatillögur kalla þeir vantraust. Samfélag valdboðs og undirgefni er því allt í senn ófrjótt, óskilvirkt og ómennskt. Það er gróðrarstía spillingar og óheidarleika. Hræðslugæði koma í stað siðferðilegrar afstöðu. Hlýðni í stað frumkvæðis. Undanbrögð í stað áhuga.

Heimur í hnotskurn

Skólinn er heimur í hnotskurn. Í tíu ár er hverju barni gert að búa í þessum heimi og sú mótun sem það fær í heimi skólans verður drjúgur hluti heimanmundar þess. Sé heimur skólans heimur valdboðs og undirgefni munu nemendur hans draga dóm af þeirri reynslu ævilangt. Skorti heim skólans gildismat um breytni er hætta á að þegna hans skorti siðferðileg viðmið þegar á reynir. Sé virðingarleysi fyrir náunganum og skeytingarleysi um samfélag manna og umhverfi látið viðgangast í heimi skólans kann það einnig að verða freistandi valkostur síðar í lífinu. Sama máli gegnir um hið góða. Einkennist heimur skólans af trausti og gagnkvæmri virðingu, umburðarlyndi, hreinskiptni og réttlætiskennd mun hann útskrifa siðferðilega ábyrga einstaklinga sem hafa til þess vilja og getu að bæta samfélag sitt og auðga það með framlagi sínu.

Tíminn

Auðvelt er að sannreyna að tiltekinn nemandi hafi sótt þær kennslustundir sem honum bar samkvæmt viðmiðunarreglum yfirvalda. Erfiðara er að sannprófa að hann hafi hlotið kennslu og námsefni við hæfi og erfiðast að fullyrða að hann hafi beint orku sinni og áhuga að þeim viðfangsefnum sem skólinn ætlaði honum að sinna. Öll þekkjum við einstaklinga sem fengu steina fyrir brauð alla sína skólagöngu og voru í raun í eins konar fangelsi skólaskyldunnar. Bandaríski félagsálfræðingurinn William Glasser segir reyndar í bók sinni Skóli án tapara, að einungis í skólum og fangelsum skipti sá tími sem varið er á staðnum meira máli en sú vinna sem innt er af hendi.

Þessi kenning Glassers vakti undirritaðan til umhugsunar um hlutverk tímans í skóla-
starfinu og mikilvægi þess að nemendur upplifi hann sem sína eign. Til þess þarf nem-
andinn að hafa ráðstöfunarrétt yfir tíma sínum, að minnsta kosti að hluta. Hann þarf að
finna, að með skipulögðum vinnubrögðum getur hann í senn uppfyllt kröfur skólans um
afköst og verklag og jafnframt skapað sér frjálsan tíma sem hann hefur fullt vald til að
ráðstafa í samræmi við eigin áhugamál. Með þessu móti falla skyldur og réttindi í einn
farveg þegar vel tekst til. Skyldustörf og áhugamál, vinna og leikur verða merkingarbær
heild og nemandinn lærir að stjórna lífi sínu og tíma í stað þess að vera meira eða minna
nauðugur þolandi skylduvistar í skóla. Undirritaður leyfir sér að fullyrða að ekkert eitt ráð
sé betri vörn gegn skólaleiða og þeirri uppreisnarþörf sem af honum leiðir.

Hugmyndalegt samhengi

Skólasýn og agastefna Öxarfjarðarskóla á rætur í mannskilningi og samfélagshugsjónum
frjálslyndra heimspekinga á borð við John Stuart Mill, Karl R. Popper og John Rawls,
uppeldisspekinga á borð við John Dewey og Mariu Montessori, félagsálfræðinga á borð
við William Glasser, Thomas Gordon og Dianne Gossen og gagnrýninna hugsuða á borð
við John Holt, Nils Christie og Jock Young. Þá sækir Öxarfjarðarskóli hugmyndir til
þeirrar hreyfingar í menntamálum sem kennd er við opna skóla og opnar skólstofur og
rekja má til Bretlands, Bandaríkjanna og síðast en ekki síst til íslenskra skóla sem margir
hverjir hafa tileinkað sér hugmyndafræði opna skólans.

Um Litla-Vísi

Dagana 13. og 14. mars 2003 heimsóttu starfsmenn Öxarfjarðarskóla Hallormsstaðaskóla
og nutu fráberrar gestrisni skólastjórnenda, annarra starfsmanna og nemenda.

Ég er sannfærður um að hópurinn okkar hafði ómetanlegt gagn af heimsókninni að
Hallormsstað og gæti rökstutt það á ýmsa vegu. Læt nægja að nefna þá bjargföstu trú
mína að frábær verk valdi óafturkræfum breytingum á þeim er þeirra njóta. Gildir þá einu
hvort um er að ræða listilegan smíðisgrip, leiksýningu, ljóð, mynd eða framúrskarandi
skóla. Menn ganga ríkari frá listaverkinu, betri menn og menntaðri. Mælikvarðar hafa
breyst, viðmið hækkað. Skólastarfið á Hallormsstað er verk af þessum gæðaflokki og það
lét ekkert okkar ósnortið.

Ég nefni þetta hér til að þakka Sif Vígþórsdóttur skólastjóra á Hallormsstað og samstarfs-
fólki hennar fyrir það einstaka örlæti að heimila okkur að nota og misnota Skólanámskrá
Hallormsstaðaskóla að vild við frágang Litla-Vísis. Efnisþættir og efnistöð í Litla-Vísi eru
að verulegu leyti sniðin eftir henni. Ég færi henni okkar bestu þakkir fyrir ómetanlega
aðstoð.

Starfsmönnum Öxarfjarðarskóla þakka ég ánægjulegt samstarf við gerð Litla-Vísis. Við
höfum rætt textann ítarlega á starfsmannafundum og lagt okkur fram um að gera hann
sem best úr garði. Ágallar á verkinu skrifast algjörlega á minn reikning.

Pétur Þorsteinsson

SKÓLASTEFNA ÖXARFJARÐARSKÓLA

Lögum samkvæmt er hlutverk grunnskólans að búa nemendur undir líf í lýðræðisþjóðfélagi sem er í sífelldri þróun. Öxarfjarðarskóli telur að það verði best gert með því að veita hverju barni færi á að rækta sérkenni sín og hæfileika, taka ábyrgð á eigin breytni og hlutdeild í mótun skólasamfélagsins. Hvert barn þarf að skynja að framlag þess skiptir máli fyrir þróun samfélagsins; að breytni þess hefur áhrif á líðan annarra og að velferð þess er órjúfanlega samofin velferð þeirra. Ræktun einstaklingseðlis og samlíðan með náunganum eru ekki andstæður heldur tvær hliðar á sama peningi. Lýðræðisþjóðfélag í sífelldri þróun þarf þetta tvennt.

Skóli - umhverfi - samfélag

Grunnskólinn er órjúfanlegur hluti þess samfélags sem hann þjónar. Hvorugt þrífst án hins. Góður skóli er ein styrkasta stoðin í framsýnu byggðarlagi. Hann þarf í senn að koma nemendum til fyllsta þroska og efla og auðga menningarlegt umhverfi þeirra.

Starfsfólk Öxarfjarðarskóla vill skapa heildstæðan skóla þar sem kennsla, nám, heimanám og frístundir eru í samfellu. Við viljum tengja starf skólans við stórbrotna náttúru svæðisins, atvinnu og lífshætti íbúanna og fyrri reynslu nemenda. Við viljum hlúa að rótum samfélagsins og kenna nemendum að meta uppruna sinn og umhverfi að verðleikum. Starfið í skólanum á að nýta sér kosti, sérstöðu og séreinkenni byggðarlagsins og stuðla að frekari þróun og uppbyggingu þess.

Öxarfjarðarskóli er fámennur skóli og þess vegna er tveimur til fjórum árgöngum skipað saman í námshóp. Fámennið auðveldar okkur að þekkja stöðu hvers nemanda og mæta sérkennum hans og sérþörfum. Starfsfólk skólans vill nýta kosti samkenndunnar og hyggst afla sér frekari þekkingar á því sviði, til dæmis með auknu samstarfi við Samtök fámennra skóla og einstaka skóla, svipaðrar gerðar, sem náð hafa framúrskarandi árangri.

Í Öxarfjarðarskóla er stefnt að því að nota fjölbreyttar kennsluaðferðir. Lengd viðvera, sveigjanlegur vinnutími, valkerfi og vinnusamningar, einstaklingskennsla, hópvinna, samvinnunám og margt fleira eru hugtök sem einkenna skólastarfið. Kennsluaðferðir henta nemendum, aldurshópum og námsgreinum misvel og vill skólinn koma til móts við mismunandi þarfir með fjölbreyttum vinnuaðferðum. Það er stefna skólans að kenna nemendum notadryg vinnubrögð. Leggja ber áherslu á að nemendur kynnist mismunandi vinnuaðferðum, þannig að þeir geti gert sér grein fyrir því hvaða leið hentar þeim hverju sinni. Þótt vissulega sé mikilvægt að nemandinn tileinki sér þau þekkingaratriði sem til er ætlast, telja kennarar skólans ekki síður mikilvægt að nemendur læri vinnubrögð sem nýtast þeim í flóknu samfélagi nútímans og auðvelda frekara nám.

Uppbyggingarstefnan – Uppeldi til ábyrgðar

Uppbyggingarstefnan er hluti af skólastefnu Öxarfjarðarskóla og annarra skólastofnanna í Norðurþingi og þó nokkrir skólar hafa tekið upp á Íslandi. Uppbyggingarstefnan byggir á aðferð Diane Gossen sem hún kallar uppbyggingu (Restitution) og er viðtalstækni reist á grundvallarkenningum heimspekingsins William Glassers. Hún er ólík öðrum aðferðum sem notaðar eru í menntakerfinu vegna þess að markmiðið er að kenna börnum og unglingum sjálfsgæta. Áherslan færist þannig frá því að reyna að stjórna með umbun og refsingu yfir í það að kenna börnunum að mæta þörfum sínum á sanngjarnan og ábyrgan hátt. Aðferðin er fólgin í því að kennarinn talar við nemendur um það hvers konar fólk þeir vilji vera, hvers konar manngildi þeim finnst mikilvæg og þeir vilji hafa í heiðri og skapa í opnum umræðum sáttmála um gildin, sáttmála sem síðan er hægt að visa í. Stefnan kennir að eðlilegt sé að gera mistök. Við eigum að lagfæra þau mistök sem við gerum, læra af þeim og gefa öðrum tækifæri til að leiðrétta mistök. Hvart barn þarf að

skynja að framlag þess skiptir máli fyrir þróun samfélagsins; að breytni þess hefur áhrif á líðan annarra og að velferð þess er órjúfanlega samofin velferð þeirra.

Uppbyggingarstefnan hefur það að langtíamarkmiði að við hugsum um hvernig manneskjur við viljum vera og finnum leiðir sem eru færar til að ná þeim markmiðum. Í nýrri Aðalnámskrá, Almenna hluta bls. 16, segir að mikilvægt sé að skólinn taki mið af þörfum allra barna og ungmenna á einstaklingsbundinn hátt. Í Uppbyggingarstefnunni er gengið út frá þörfum hvers og eins.

Sáttmáli

Skólasáttmálinn er listi yfir setningar um lífsgildi sem hópurinn hefur trú á að séu mikilvægar. Setningarnar/gildin koma frá einstaklingunum í hópunum og samningurinn segir til um hvernig meðlimir hópsins hafa samþykkt að hegða sér hver gagnvart öðrum. Um er að ræða þrenns konar samninga/sáttmála.

- Starfsfólk gerir samning um félagsleg samskipti sín.
- Hver námshópur gerir samning með umsjónarkennara.
- Skólinn sem heild hefur samning sem allir eru sammála um.

Sáttmálar Öxarfjarðarskóla:

Starfsmannasáttmáli

Við ætlum að hafa í heiðri eftirfarandi gildi: Gagnkvæma virðingu, heiðarleika, trúnað, fagmennsku, hlýlegt viðmót og festu. Við ætlum að vera gott fordæmi fyrir nemendur þegar kemur að jafnrétti og lýðræði.

1. **Gagnkvæm virðing:** Við komum fram við hvert annað af virðingu, eins og við viljum að aðrir komi fram við okkur. Tölum um hvert annað af virðingu.
2. **Heiðarleiki:** Við komum fram við hvert annað af einlægni. Verum heiðarleg hvert við annað.
3. **Fagmennska:** Við vinnum af fagmennsku okkar störf. Sú þekking sem til er í hópnum kemur öllum til góða.
4. **Hlýlegt viðmót og kurteisi:** Temjum okkur hlýlegt viðmót og kurteisi því það eykur vellíðan okkar allra.
5. **Festa:** Við reynum að skapa öruggan og ákveðinn ramma í kringum skólastarfið. Í samskiptum við nemendur, hvert annað og starfið. Við umgöngumst nemendur af hlýju og festu.
6. **Jafnrétti og lýðræði:** Við umgöngumst hvert annað á jafningjagrundvelli og með hag og óskir allra starfsmanna að leiðarljósi. Forðumst hroka og yfirlæti.
7. **Trúnaður:** Við sýnum hvert öðru fyllsta trúnað svo og nemendum og fjölskyldum þeirra.
8. **Samviskusemi:** Mætum samviskulega og sýnum heilindi og sinnum starfinu af alúð.

Sáttmáli 8. – 10. bekkjar

1. Sýnum hvert öðru virðingu.
2. Verum kurteis hvert við annað.
3. Hafa gaman – meiri fjölbreytni.
4. Tökum vel á móti öllum.
5. Göngum vel um.
6. Eitt bros getur dimmu í dagsljós breytt.

Sáttmáli 5. – 7. bekkjar

1. Iðinn og hjálpsamur bekkur.
2. Sýna virðingu.
3. Ganga vel um.
4. Sýna tillitsemi.
5. Vera vinir.

Sáttmáli 1. – 4. Bekkjar

1. Allir eru vinir.
2. Vera góður við aðra.
3. Við bjóðum alla velkomna í hópinn.
4. Hlusta á aðra.
5. Allir leika sér saman.
6. Koma fram við aðra eins og þú vilt að aðrir komi fram við þig.
7. **Allir eru vinir hér
og eiga góðar stundir.
Og allir vilja leika sér
út um grænar grundir.**

Nemendur

Í Öxarfjarðarskóla er nemandinn settur í öndvegi í skólastarfinu; menntun hans, alhliða þroski og líðan. Skólanum ber að örva nemendur til sjálfstæðrar hugsunar, rækta með þeim víðsýni og umburðarlyndi og styrkja á alla lund forsendur þeirra til að bæta umhverfi sitt. Skólinn á að opna augu nemenda fyrir mikilvægi menntunar og nauðsyn þess að miðla reynslu og þekkingu manna á meðal. Skólanum ber að rækta fegurðarskyn nemenda og hvetja þá til að njóta góðra listaverka, bókmennta, tónlistar og myndverka, með opnum huga.

Í skólanum er lögð áhersla á að nemendur læri mikið og að þeim líði vel. Líðan og námsframvinda eru órjúfanlega tengd. Ef nemanda líður illa vill skólinn bæta úr því með skjótum hætti. Nemendur þurfa að tileinka sér bóklega og verklega þekkingu og tækni, en ekki síður að temja sér farsæl samskipti við fólk; fólk á ýmsum aldri, af ólíkum uppruna, gætt mismunandi hæfileikum, af báðum kynjum, fatlað og ófatlað. Jákvæð og uppbyggileg samskipti við ólíka einstaklinga stuðla að góðri líðan og auknum þroska, víðsýni og umburðarlyndi.

Í Öxarfjarðarskóla leggjum við mikla áherslu á að með auknum aldri og þroska axli nemendur sívaxandi ábyrgð á eigin námi undir leiðsögn kennara sinna. Við teljum mikilvægt að nemendur temji sér að skipuleggja viðfangsefni sín og vinnutíma innan þess ramma sem lög og reglugerðir setja skólanum. Við teljum að verklag af þessu tagi og það viðhorf til náms sem það byggir á sé afar mikilvægt veganesti fyrir nemendur okkar þegar þeir hefja nám í framhaldsskóla, fjarri heimilum sínum, að loknu grunnskólaprófi. Nemandinn þarf að hafa svigrúm til að rækta áhugamál sín og sérgáfur. Hann þarf einnig að hafa tíma til að leika sér með skólafélögunum, enda er leikurinn eðlileg námsleið barna og nauðsynleg þjálfun í mannlegum samskiptum og kemur lengd viðvera í Öxarfjarðarskóla til móts við þessar þarfir.

Starfsmenn

Starfsfólk skólans mótar skólaandann öðrum fremur með breytni sinni og framgöngu. Það greinir rétt frá röngu með fordæmi sínu og viðbrögðum. Starfsfólk Öxarfjarðarskóla leitast við að búa nemendum sáttfúsan og réttlátan heim þau tíu ár sem velferð þeirra er í þess höndum að hluta. **Starfsfólkinu ber að sýna nemendum fyllstu virðingu og ætlast til þess að nemendur sýni því og öllum öðrum sambærilega virðingu, þar með talið sjálfum sér.**

Starfsfólk Öxarfjarðarskóla treystir því að nemendur kjósi að breyta rétt fremur en rangt, vegna þess að að þeir telji að annað sé ósamboðið virðingu sinni, en ekki sakir ótta við hegningu eða viðurlög. Það samrýmist það Uppbyggingarstefnunni og uppeldi til ábyrgðar. Þetta viðhorf leggur starfsfólki Öxarfjarðarskóla jafnframt þá skyldu á herðar að leggja sanngjarnt mat á breytni nemenda og láta skoðun sína í ljós. Það fagnar góðum verkum þeirra og ljúfmannlegri framkomu en sýnir andúð sína á meinstríðni, ruddaskap, frekju, hyskni og skemmdarfýsn, verði slíks vart. Umfram allt ber starfsfólkinu að hlúa að vinsemd, glaðværð og hjálpsemi hvenær sem færi gefst. Það er ófrávikjanleg stefna skólans að nemendur geti treyst starfsfólkinu og leitað til þess þegar þeir þurfa á því að halda. Starfsfólk skólans er bundið fyllsta trúnaði um hvaðeina sem nemendur treysta því fyrir og sem það verður áskynja í starfi sínu. Þó ber að hafa í huga, að samkvæmt Barnaverndarlögum gengur tilkynningarskylda þeirra sem afskipti hafa af börnum framar þagnarskyldu ef ætla má að velferð barns eða heilsu sé veruleg hætta búin.

Starfsfólki Öxarfjarðarskóla ber að hugleiða stöðu hvers barns sérstaklega og leiðbeina því um þau atriði er betur mega fara með hliðsjón af stöðu þess og getu. Það gildir jafnt um félagslega stöðu þess í skólasamfélaginu og stöðu þess í námi. Líta ber á einstaklinginn í heild sinni og minnst þess að öryggi og vellíðan á vinnustað er forsenda góðra vinnubragða. Starfsfólki Öxarfjarðarskóla ber að gera miklar kröfur til hvers nemanda, en sníða jafnframt kröfurnar að þroska og getu hvers og eins.

Gagnkvæmt traust og virðing allra sem í skólanum starfa tryggir glaðan og frjálsglegan skólaanda og hvetur nemendur og starfsmenn til að leggja sig fram í störfum sínum.

Heimili og skóli

Til að tryggja farsælt nám og góða líðan hvers nemenda telur skólinn afar mikilvægt að eiga gott samstarf við heimili hans. Foreldrar þekkja börn sín betur en nokkur annar og eru í raun sérfræðingar í málum þeirra. Þeir gæta réttinda barna sinna í hvívetna og tala máli þeirra þegar þess gerist þörf. Starfsfólk Öxarfjarðarskóla heitir því að taka ábendingum foreldra og nemenda um hvaðeina sem betur má fara með fullri vinsemd og í fullri alvöru. Hagsmunir barnsins eru sameiginlegt leiðarhnoða foreldra þess og starfsmanna skólans og í sameiningu móta þeir það umhverfi og þær leiðir sem því eru fyrir bestu. Heimili og skóli eru bandamenn og milli þeirra verður að ríkja óskorað traust.

Foreldrar eru ævinlega áfúsugestir í skólanum og það er mikilvægt að þeir hafi samband við kennara og skólastjórnendur hvenær sem þeir telja þess þörf eða spurningar vakna. Við heitum jafnframt á foreldra að taka ábendingum skólans vel og hlúa að jákvæðu viðhorfi barna sinna til skólans, starfsmanna hans, skólafélaga og eigin náms. Takist okkur að fella þekkingu og reynslu foreldra og starfsfólks í einn farveg, sköpum við í sameiningu góðan skóla þar sem börn okkar og unglingar komast til farsæls þroska, sjálfum sér og samfélaginu til hagsbóta.

AGI OG UMGENGNI

Samskiptahættir

Skólareglur og viðhorf til aga í Öxarfjarðarskóla mótast af þeim mannskilningi sem lýst er í skólastefnunni hér að framan. Starfsfólk Öxarfjarðarskóla treystir nemendum til góðra verka, jafnt í námi sem leik, og það leitast við að búa nemendum frið og farsælan vinnustað. Vinnustað, þar sem starfsmenn og eldri nemendur eru fyrirmynd yngri barna í öllu sem varðar ástundun, breytni og umgengni. Vinnustað, þar sem verk eru metin af sanngirni, góð og slæm, **og einstaklingseinkenni og sérþarfir njóta réttlætis**. Vinnustað, þar sem vinnugleði, samviskusemi og starfsmetnaður ríkja. Vinnustað, þar sem ríkir kyrrð og friður en góðlátlegt skvaldur, söngur eða hlátur á lágu nótunum berst úr hverju horni í frítímum. Engar illdeilur eða meinstríðni. Engin slagsmál. Enginn ruddaskapur eða frekja. Engar óþarfar tilskipanir. Engar óþarfar reglur. Hvergi skammarkrókur, enginn refsivöndur. Starfsfólk Öxarfjarðarskóla kysir að líta á skólann sem gróðurhús fremur en verksmiðju og aðferðir við agastjórnun eru óaðskiljanlegur hluti þess uppeldisstarfs sem þar fer fram.

Skólinn getur því aðeins uppfyllt þessa **skólasýn** að allir sem að honum koma, börn jafnt sem fullorðnir, virði sameiginleg lífsgildi af frjálsum vilja og leitist við að lifa eftir þeim. Þessi lífsgildi má draga saman og kalla þau bestu mannasiði að viðbætti gullnu reglunni; að koma jafnan fram við náunga þinn eins og þú kysir að hann komi fram við þig. Takist að rófesta þessi lífsgildi í hjarta hvers og eins þarf skólinn tæpast aðrar reglur.

Þeir samskipta- og umgengnishættir sem lýst er hér að ofan verða ekki til af sjálfu sér. Til þess verða allir starfsmenn að sameinast um verklag og viðbrögð við ósiðum á borð við áflog og ertni í frímínútum eða hlaup og gauragang í skólahúsinu, svo dæmi séu nefnd. Mikilvægt er að hafa í huga að skólatíminn er samfelldur, þó svo hann skiptist í kennslustundir og frímínútur, og að sömu umgengnisreglur gilda allan skólatímann. Það er sameiginlegt hlutverk allra starfsmanna að fylgja eftir reglum um bestu hegðun allan skólatímann og skapa aðstæður sem gera slíka hegðun eðlilega, sjálfsögða og eftirsóknarverða. Hafa ber hugfast, að það er auðveldara að breyta aðstæðum og umhverfi barna heldur en börnunum sjálfum, sem og að hegðun og framkoma barna ræðst að verulegu leyti af þeim aðstæðum sem við sköpum þeim.

Nemendur hafa oft mikla þörf fyrir að ræða sín hjartans mál við fullorðna. Starfsfólkið þarf þá að gefa sér tíma til að ræða við þá á jákvæðan hátt og sýna þeim og áhugamálum þeirra umhyggju og athygli. Ekkert erindi er svo smávægilegt að ekki þurfi að sinna því.

Starfsagi

Eins og fram kemur í skólastefnunni er það stefna Öxarfjarðarskóla að nemendur axli vaxandi ábyrgð á eigin námi eftir því sem þroski þeirra og geta vex. Kennararnir, og þá einkum umsjónarkennarar hvers einstaklings eða námshóps, hafa að sjálfsögðu verkstjórnina á sinni hendi og þeim ber að sjá til þess að nemendur ræki skyldur sínar hvað námið varðar og að námsframvinda sé með eðlilegum hætti, að teknu tilliti til aldurs, þroska og getu hvers nemanda. Það skiptir máli að nemandinn finni að til hans eru gerðar sanngjarnar kröfur og að verk hans eru tekin alvarlega.

Agabrot

Allir menn eru skeikulir og ævi þeirra vörðuð mistökum. Flestum smávægilegum, öðrum þungbærari og jafnvel óbætanlegum. Mistök eru því aðeins lærdómsrík að okkur takist að draga af þeim skynsamlegar ályktanir um okkur sjálf og afleiðingar gjörða okkar. Fyrsta stigið er að viðurkenna feimulaust fyrir sjálfum sér og jafnvel öðrum að mistök hafi átt

sér stað. Annað stigið er að bæta fyrir mistökin eftir föngum. Þriðja stigið er að draga af þeim lærdóma um næsta skref. Verða betri og ábyrgari maður.

Yfirsjónir

Yfirsjónir barna eru yfirleitt mistök; óhöpp eða fljótræðisverk, fremur en ásetningsbrot. Mikilvægt er að gera skýran mun á þessu tvennu. Óhöpp og fljótræðisverk ber að nýta til að dýpka skilning nemenda á eigin viðbrögðum og annarra og til umræðna innan nemendahópsins. Leitast ber við að gera árekstra og óhöpp að leiðarsteinum á þroska-braut síðvits og félagshæfni í stað þess að ala á sektarkennd og undanbrögðum. Umfram allt ber að fordæst vítahring yfirsjóna og fordæmingar; að festa nokkurt barn í hlutverki syndasels sem allir reikna með að hagi sér ósæmilega. Smátt og smátt lærast þau sannindi að einstaklingurinn getur einungis breytt sjálfum sér til hins betra, en jafnframt að með því vísar hann samferðamönnum sínum og samfélaginu öllu á færa leið.

Í raun skipta upptök að árekstri og bakgrunnur hans afar litlu máli og verðskulda yfirleitt enga rekistefnu. Þess í stað er vert að skoða gjörðir einstakra þátttakenda; hvernig þeir brugðust við og unnu úr tilteknu vandamáli og hvað hefði mátt leysa með öðrum og farsælli hætti. Þá er nauðsynlegt að skoða atburðinn í ljósi þeirra megingilda sem við kjósum að hafa í heiðri fremur en að einblína á smávægilegar reglur. Stundum hentar best að ræða málin einslega við þá sem í hlut eiga. Í öðrum tilfellum henta umræður í stærri hópum betur, jafnvel með þátttöku allra nemenda. Oft gefst vel að fá nemendum sjálfum það verkefni að finna lausn á aðsteðjandi vandamáli og semja sín á milli um sanngjarnar leikreglur. Til að úrvinnsla af þessu tagi beri árangur þurfa nemendur að temja sér að gangast við og segja frá mistökum sínum og óhöppum, óttalausir við skammir og yfirheyrslur, og vera jafnframt reiðubúnir að ræða þau af yfirvegun. Dagurinn í dag er senn að baki, með mistökum sínum. Það er morgundagurinn sem skiptir máli og allir dagar framtíðarinnar. Markviss úrvinnsla eins og hér hefur verið lýst byggir upp innri aga, þann aga sem best heldur þegar enginn sér til og reynst getur farsælt veganesti til æviloka og er í anda **Uppbyggingarstefnunnar**.

Ásetningsbrot

Yfirveguð brot gegn megingildum skólasamfélagsins, brot á borð við ofbeldi, einelti, spellvirki og viðvarandi röskun á almannafriði, kalla hins vegar á tafarlaus viðurlög, andstætt yfirsjónum sem lýst hefur verið og sem nýttar eru til að rækta innri aga og ábyrgðartilfinningu. Úrskurðarvaldið liggur að sjálfsögðu hjá hinum fullorðnu og nemendum ber að hlíta því, að virtum andmælarétti. Viðurlög og refsingar eru ill nauðsyn sem beita verður af sparsæmi. Þær eru nauðvörn skólasamfélagsins en ónothæft tæki til mann-ræktar.

Skólareglur

- Verum tillitsöm og virðum hvert annað
- Hjálpumst að við að skapa öruggt umhverfi í skólanum
- Nýtum tímann okkar vel og virðum vinnufrið í kennslustundum
- Verum ávallt stundvís í kennslustundir og skólabíl.
- Göngum vel um eitur skólans og annarra.
- Öll notkun tóbaks og hvers kyns vímuefna er stranglega bönnuð í skólanum, í nágrenni hans og í ferðum á vegum skólans.
- GSM símar eru hvorki leyfðir í skólanum né í íþróttahúsi.
- Hvers kyns hluti, s.s eldfæri og hnífa sem beita má sem vopnum, er bannað að koma með í skólann.

Viðurlög við brotum á skólareglum Öxarfjarðarskóla

Markmið agastjórnunar er að byggja nemendur upp en alls ekki að niðurlægja þá eða brennimerkja. Brjótí nemandi gegn reglum skólans skal ávallt lögð áhersla á að leita leiða sem bæta hegðun hans og líðan. Viðurlög verða að hafa brotinu og taka mið af aðstæðum hvers nemanda fyrir sig. Aldrei má beita harðari úrræðum en nauðsynlegt er, samanber meðalhófsreglu íslensks réttarfars, og ævinlega ber að virða réttindi barnsins eins og þeim er lýst í íslenskum lögum og alþjóðlegum sáttmálum. Þá skal þess jafnan gætt að leita samstarfs við foreldra eða forráðamenn nemandans og gæta andmælaréttar þeirra sem málið varðar.

- Nemendur eru ábyrgir fyrir því tjóni sem þeir kunna að valda á eignum skólans, starfsfólks eða skólafélaga sinna. Týni nemandi námsgögnum sem skólinn lánar honum eða valdi á þeim óeðlilegum skemmdum skal viðkomandi bæta tjónið.
- Brjótí nemandi af sér, skal umsjónarkennari, skólastjóri, aðstoðarskólastjóri eða sérfróður ráðgjafi ræða við nemandann um hegðun hans til þess að nemandi geri sér grein fyrir eðli brotsins og afleiðingum þess.
- Gerist nemandi sekur um mjög alvarlegt brot á skólareglum eða landslögum, hvar sem hann er staddur á vegum skólans, er skólanum heimilt að senda hann heim á kostnað forráðamanna sinna.
- Ef nemandi lætur sér ekki segjast, þrátt fyrir undangengnar viðvaranir og áminningar, er heimilt að vísa honum úr kennslu og láta hann fást við önnur verkefni það sem eftir lifir skóladags. Við beitingu slíkra viðurlaga skal tryggt að nemandi sé í umsjá starfsmanns á vegum skólans. Komi til brottvísunar sækir nemandinn ekki kennslustund hjá viðkomandi kennara fyrr en að afloknu viðtali. Umsjónarkennara skal gerð grein fyrir agabroti nemandans og skal hann láta forráðamann nemandans vita.
- Ef nemandi gerist sekur um mjög alvarleg eða síendurtekin brot á skólareglum er heimilt að vísa honum tímabundið úr skóla meðan leitað er lausna í málum hans. Tilkynna ber forráðamönnum og skólanefnd tafarlaust um ákvörðun skólayfirvalda. Takist skólastjóra ekki að leysa vanda nemanda innan skóla á viku vísar hann málinu til skólanefndar. Skólanefnd tekur málið til úrlausnar, útvegar nemandanum tafarlaust viðeigandi kennsluúrræði og beitir sér fyrir úrbótum í samráði við alla aðila málsins. Skólanefnd ber ábyrgð á að innan þriggja vikna frá brottvísun hafi nemandi verið tryggð skólavist. Takist enn ekki að leysa málið getur hvor aðili, forráðamenn eða skólanefnd, vísað ágreiningi til úrlausnar og úrskurðar menntamálaráðuneytisins.

Starfsmönnum skóla er óheimilt að neyta aflsmunar nema nauðsyn krefji til að stöðva ofbeldi eða koma í veg fyrir að nemandi valdi sjálfum sér eða öðrum skaða eða eignatjóni. Í tilvikum sem þessum skal ávallt greina forráðamönnum tafarlaust frá málavöxtum.

SKIPULAG NÁMS OG KENNSLU

Samkennsla

Öxarfjarðarskóli er fámennur skóli, en það merkir í raun að þar er tveimur eða fleiri árgöngum kennt saman í námshópi. Það fyrirkomulag er gjarnan kallað samkennsla og á sér langa sögu hér á landi sem og annars staðar. Í farskólunum gömlu voru til dæmis nemendur á ýmsum aldri saman í kennslu. Með auknu þéttbýli og fólksfjölda þótti hagræði að því að hafa alla nemendur í námshópi á sama aldri. Með því móti gat kennarinn kennt öllum það sama í einu.

Samkennsla krefst annarra vinnubragða, öðruvísi skipulagningar og að nokkru leyti annars námsefnis en árgangakennsla. Samkennsla kallar á einstaklingskennslu fremur en hópkenndu, þar sem nemendur í hverri kennslustund eru á ólíkum aldri og gjarnan að fást við mismunandi viðfangsefni. Bein samskipti kennara og nemenda eru meiri en í venjulegri árgangakennslu. Það auðveldar kennaranum að hafa góða yfirsýn yfir getu hvers nemanda og stöðu hans í glímunni við námsefnið. Kennarinn getur veitt hverjum nemanda athygli og komið til móts við hann þar sem hann er staddur. Kennari í samkennsluhópi verður ævinlega að hafa í huga hinn mikla þroskamun einstaklinga innan hópsins og sníða verkefnaval að einstaklingunum fremur en hópnum í heild. Einstaklingskennsla, hinn augljósi þroskamunur innan hópsins og fáir nemendur í samkennsluhópi gera kennaranum auðveldara um vik að sinna vel þeim einstaklingum sem eiga í einhvers konar námserfiðleikum.

Í aldursblönduðum samkennsluhópi gefst eldri nemendum færi á að liðsinna þeim sem yngri eru eða skemmra á veg komnir í námi. Stuðningur eldri nemenda og tveggja kennara kerfi í kennslustundum eykur til muna líkurnar á því að hver nemandi njóti þeirrar tilsagnar er honum hentar.

Grundvöllur að árangursríku starfi kennara er skipulag og áætlanagerð sem hentar þeirri skólasýn sem skólinn markar sér. Það á ekki síst við um þá sem kenna í aldursblönduðum námshópum. Að hausti þarf kennarinn að skipuleggja komandi skólaár og helst sú vinna að sjálfsögðu í hendur við skólanámskrárgerð. Kennarinn verður að ígrunda rækilega hvaða námsefni er unnt að taka fyrir með öllum nemendum hópsins og hvað bundið er við ákveðna árganga eða einstaklinga. Hluta kennslunnar verður jafnvel að skipuleggja langt fram í tímann, til dæmis kennslu í lesgreinum. Markvissari áætlanagerð er eitt af forgangsverkefnum Öxarfjarðarskóla.

Eins og komið hefur fram er samkennsla einkum stunduð í fámennum skólum á Íslandi. Þar eru möguleikar til sveigjanlegra starfshátta miklir, auk þess sem aldursblöndunin krefst sveigjanleika innan skólastofunnar. Öxarfjarðarskóli hyggst þróa starfshætti sína með þeim hætti að kostir fámennis og samkennslu nýtist sem best. Vegna smáðar skólans hafa kennarar góða yfirsýn yfir starf sitt og skólastarfið í heild. Auðvelt er að sveigja stundaskrána, ef þess gerist þörf, vegna þess að kennarinn þarf ekki að ráðfæra sig við eða taka tillit til nema eins eða tveggja annarra kennara. Þetta skapar góð skilyrði til þróunarstarfs og sveigjanlegra starfshátta.

Einstaklingskennsla, sjálfstæð vinnubrögð, náin tengsl við heimili, aldursblöndun náms- hópa og fleiri slík hugtök hafa oft heyrst í nýbreytnistarfi undanfarinna áratuga. Þau eiga sér rætur í fámennu samkennsluskólunum. Það sýnir gleggst þann sveigjanleika og þá möguleika sem þeir bjóða upp á. Það er svo undir starfsliði og aðstandendum hvers skóla komið hvernig þessir möguleikar eru nýttir.

Hlutverk umsjónarkennara

Umsjónarkennari hefur öðrum fremur yfirsýn yfir námsframvindu þeirra nemenda sem hann hefur í sinni umsjá. Hann fylgist einnig með þroska þeirra og líðan í skólanum. Hann lætur sig varða samskipti meðal nemenda og leitast við að skapa góðan bekkjaranda, réttlátar vinnu- og umgengnisreglur og hvetjandi námsumhverfi. Hann ráðleggur nemandanum hvernig best sé fyrir hann að haga vinnu sinni og hjálpar honum við lausn persónulegra mála. Umsjónarkennarar fá upplýsingar um ástundun, hegðun og umgengni frá öðrum starfsmönnum skólans.

Í efstu bekkjum skólans, 8.-10. bekk, er kennslan greinaskiptari en í neðri bekkjunum og bókleg kennsla deilist á fleiri hendur. Það torveldar umsjónarkennurunum yfirsýn og daglegt eftirlit með námsgengi einstakra nemenda. Huga þarf sérstaklega að þessari aðstöðu umsjónarkennara unglingadeildarinnar og það verður að tryggja þeim tíma til reglubundins samráðs með umsjónarhópum og kennurum einstakra námsgreina. Umsjónarkennarinn verður að fá reglulegar upplýsingar um stöðu og námsframvindu nemenda í einstökum námsgreinum frá greinakennurunum, eigi hann að geta gegnt starfi sínu til fulls.

Umsjónarkennarinn hefur samband og samráð við foreldra um málefni barnsins. Við höfum kosið að auglýsa ekki sérstaka viðtalstíma umsjónarkennara, enda reynsla okkar að þeir þjóni ekki tilgangi sínum. Þess í stað hvetjum við foreldra til að hafa samband við umsjónarkennara barna sinna er þurfa þykir. **Á sérstökum foreldradögum, sem eru a.m.k. tvisvar á vetri, er gert ráð fyrir því að foreldrar og nemendur komi saman til viðtals við umsjónarkennara viðkomandi barns.** Þar er farið yfir námsframvindu barnsins, sem og líðan þess í skólanum. Í sumum tilfellum þykir foreldrum æskilegra að ræða við umsjónarkennarann án þess að barnið sé viðstatt og þá er sjálfsagt að verða við óskum þeirra.

Samstarf kennara

Sameiginlegir starfsmannafundir Öxarfjarðarskóla eru hálfsmánaðarlega en þess á milli eru vinnufundir starfsmanna. Utan kennarafunda starfa einstakir kennarar saman að afmörkuðum verkefnum. Í einstökum tímum er tveggja kennara kerfi sem kallar á stöðugt og náið samstarf. Samráð starfsfólks innbyrðis, sem og við nemendur og foreldra, er ein mikilvægasta forsenda þess að hver og einn finni til ábyrgðar á skólastarfinu í heild. **Í vetur er stefnt á sameiginlegan starfsdag skólastofnana í Norðurþingi þar sem starfsfólk þessarar stofnana hittist og verður þar m.a. fjallað um afmarkaða þætti í nýrri Aðalnámskrá Menntamálaráðuneytis, almennum hluta 2011. Eftirfarandi þætti er hægt að skoða nánar í nýrri Aðalnámskrá, almennum hluta, á vef Menntamálaráðuneytis. Sú menntastefna sem birt er í nýrri Aðalnámskrá er reist á sex grunnþáttum menntunar:**

- **Læsi:** *Áfram er áhersla lögð á mikilvægi lesturs og ritunar í hefðbundnum skilningi en einnig lögð áhersla á að efla læsi nemenda á umhverfið, ýmsa miðla og hvert annað.*
- **Sjálfbærni:** *Menntun í sjálfbærni miðar að því að gera fólki kleift að takast á við viðfangsefni sem líta að samspili umhverfis, félagslegra þátta og efnabags í þróun samfélags.*
- **Heilbrigði og velferð:** *Heilbrigði byggist á andlegri, líkamlegri og félagslegri vellíðan. Í skólum þarf að skapa jákvæðan skólabrag og heilsuefandi umhverfi þar sem markvisst er hlíð að þroska og heilbrigði frá ýmsum hlíðum.*
- **Lýðræði og mannréttindi:** *Lýðræði er mikilvægt á vettvangi skólans. Skólar þurfa að taka mið af því að barna bíður að taka þátt í lýðræðissamfélagi og því mikilvægt að börn læri um þess háttar samfélög. Skólar þurfa einnig að taka mið af því að borin sé virðing fyrir manngildi hvers og eins.*

- **Jafnrétti:** *Markmið jafnréttismenntunar er að skapa tækifæri fyrir alla til að þroskast á eigin forsendum, rækta hæfileika sína og lifa ábyrgu lífi í frjálsu samfélagi í anda skilnings, friðar, umburðarlyndis, vísýnis og jafnréttis.*
- **Sköpun:** *Í sköpun felst að að móta viðfangsefni og miðla þeim, búa til eitthvað nýtt, gera eitthvað öðruvísi en viðkomandi kann eða hefur gert áður. Sköpun er að uppgötva, örva forvitni og áhuga, virkja ímyndunarafli og leika sér með möguleika. Leikur er mikilvæg námsaðferð og opnar víddir þar sem sköpunargleði barna og ungmenna getur notið sín.*

Stuðnings- og sérkennsla

Grunnskólalögin gera ráð fyrir að skólinn hagi störfum sínum í sem fyllsta samræmi við eðli og þarfir hvers nemanda og stuðli að alhliða þroska, heilbrigði og menntun hvers og eins. Oft er óhugsandi að kennari nái þessu háleita markmiði innan þeirra marka sem honum eru sett í almennt kennslu. Til að mæta þeirri staðreynd eru ákveðnar kennslustundir ætlaðar til stuðnings- og sérkennslu. Fjöldi þeirra miðast við nemendafjölda skólans, en auk þess er sótt sérstaklega um tíma fyrir fatlaða nemendur. Flestir sérkennslutímarnir eru ætlaðar tilteknum nemendum og í vetur er stór hluti þessara tíma merktur nemendum sem er kennt samkvæmt einstaklingsnámskrám. Öðrum stundum er ráðstafað í stuðningskennslu fyrir nemendur sem þurfa tímabundna aðstoð í einni eða fleiri námsgreinum. Þeir tímar eru ýmist notaðir þannig að kennari kemur inn í bekk eða nemandi/nemendur fara með kennara út úr kennslustofunni.

Skólinn leitast við að haga sér- og stuðningskennslu með þeim hætti að sérkennsla og almenn kennsla falli sem best saman og tryggt sé að sérkennslan verði aldrei til þess að einangra þá nemendur sem hennar njóta. Grunnskólar umdæmisins njóta ráðgjafar frá Félags- og skólaþjónustu Þingeyinga varðandi skólastarfið og þar eru málefni sérkennslunnar stór þáttur, bæði hvað varðar greiningar á vanda einstakra nemenda og ráðgjöf varðandi kennslu sem byggir á greiningunni. Ástæða er til að þakka Skólaþjónustunni fyrir ánægjulegt samstarf. Guðrún Margrét Einarsdóttir sér um greiningar á sértækum lestrarerfiðleikum í Öxarfjarðarskóla.

Reglubundin próf og skimanir:**1. bekkur:****Teiknipróf Tove Krogh (Þýtt úr dönsku)**

Sérkennari leggur fyrir

Lagt fyrir í október. Tími: ein kennslust. og úrvinnsla.

1. og 2. bekkur:**Lestrarskimun - Læsi (þýtt úr norsku, staðfært)**

Höf: Þóra Kristinsdóttir og Guðmundur Kristmundsson

Sérkennari leggur fyrir

Skólinn kaupir prófin hjá Námsgagnastofnun

Lagt fyrir 1. bekk í október, janúar og maí. Tími: 1 kst. og úrvinnsla

Lagt fyrir 2. bekk í október og maí. Tími: 1 kst. og úrvinnsla

Talnalykill – Staðal- og markbundið próf í stærðfræði

Höf: Einar Guðmundsson og Guðmundur B. Arnkelsson

Kennsluráðgjafi frá skólaþjónustunni leggur fyrir og vinnur úr með stærðfræðikennara

Hóppróf lagt fyrir í október. Tími: 1 kst. og úrvinnsla

4. bekkur:**Samræmd próf í íslensku og stærðfræði frá Námsmatsstofnun****5. bekkur:****Lestrarskimun í Logos. Sérkennari leggur fyrir****Yfirlitspróf í lestri, skrift og stafsetningu - Sérkennari leggur fyrir**

(þýtt úr norsku, staðfært) Kristín Aðalsteinsdóttir

Sérkennsluráðgjafi leggur fyrir og vinnur úr með íslenskukennara

Lagt fyrir í október. Tími: 1 kst og úrvinnsla

6. bekkur:**Talnalykill – Staðal- og markbundið próf í stærðfræði**

Höf: Einar Guðmundsson og Guðmundur B. Arnkelsson

Kennsluráðgjafi frá Skólaþjónustunni leggur fyrir og vinnur úr með stærðfræðikennara

Tími: 1 kst. og úrvinnsla

7. bekkur:**Samræmd próf í íslensku og stærðfræði frá Námsmatsstofnun****8. bekkur:****Lestrarskimun í Logos**

Sérkennari leggur fyrir

9. bekkur:**Greinandi lestrar- og ritmálspróf fyrir 14 ára hópa**

Höf: Rannveig G. Lund og Ásta Lárusdóttir

Íslenskukennari leggur fyrir stafsetningarpróf, 1 kst.

Sérkennsluráðgjafi aðstoðar við fyrirlögn og úrvinnslu.

Lagt fyrir í október. Tími: 1 kst. og úrvinnsla.

10. bekkur:**Samræmd próf frá Námsmatsstofnun í íslensku, ensku og stærðfræði**

Móttaka nýrra nemenda – Brúum bilið

Í Öxarfjarðarskóla hefur verið lögð áhersla á að væntanlegir nemendur í fyrsta bekk skólans tengist skólanum sem best á síðasta ári sínu í leikskólanum. Elstu börn leikskóla-deildanna beggja, Krílakots á Kópaskeri og leikskóladeildarinnar í Lundi, koma reglulega inn í Yngstu deild grunnskólans, einn tíma á viku, á mánudögum þetta skólaár, undir handleiðslu leikskólakennara og í samvinnu við umsjónarkennara. Þann dag fara allir fara saman í íþróttir. Síðan eru sameiginleg verkefni í tengslum við Brúum bilið unnið og mestmegnis unnið út frá verkefninu Byrjendalæsi. Skólinn og leikskólinn hafa unnið að þessum skólaheimsóknum í sameiningu, bæði hvað varðar skipulag og val á viðfangsefnum. Þetta nána samstarf hefur gefist ákaflega vel og er góð aðlögun fyrir væntanlega grunnskólanemendur. Verkefnið Brúum bilið á sér tæplega tuttugu ára sögu í þessu skólasamfélagi.

Af og til bætast nýir nemendur í hópinn þegar fjölskylda þeirra flytur í skólahéraðið. Þá er mikilvægt að undirbúa komu þeirra sem best og tryggja eftir föngum að þeir hljóti hlýjar móttökur og samlagist hópnum sem fyrst.

Byrjendalæsi

Öxarfjarðarskóli hefur, undanfarin tvö ár, tekið þátt í þróunarverkefninu Byrjendalæsi í samstarfi við Háskólann á Akureyri. Byrjendalæsi er kennsluaðferð ætluð yngri nemendum. Kennsluaðferðin hefur verið mótuð og þróuð við Skólaþróunarsvið Háskólans á Akureyri undir forystu Rósu Eggertsdóttur. Margir skólar víðs vegar um landið vinna nú eftir aðferðinni. Þetta er þróunarverkefni sem stendur yfir í tvö ár. Vigdís, Ann-Charlotte og Elisabeth ásamt Guðrúnu Margréti hafa sótt námskeið og verið undir handleiðslu fagfólks frá HA í tvo vetur.

Meginmarkmið Byrjendalæsis er að börn nái góðum árangri í læsi sem allra fyrst á skólagöngu sinni. Merking hugtaksins læsis byggir á hlustun, tali, lestri og ritun. Eru þetta samofnir þættir og unnið er með þá á heildstæðan hátt. Gengið er út frá því börn þurfi lesefni sem kveikir áhuga þeirra, ýtir undir ímyndunarafl, hvetur þau til gagnrýnnar hugsunar og gefur þeim færi á að mynda merkingarbærar tengingar við eigið líf. Því er margs konar gæðatexti lagður til grundvallar lestrarkennslunni og hann nýttur sem efniviður í vinnu með stafi og hljóð, sem og vinnu með orðaforða, skilning og ritun af ýmsu tagi.

Þróunarverkefnið Byrjendalæsi þjálfar læsi í viðum skilningi er því í takt við grunnþáttinn læsi í nýrri Aðalnámskrá. Byrjendalæsi kemur inn á svo margt; orð, tákni og myndir, samvinnu, spil, stöðvavinnu og allan tímann eru samskipti milli nemenda. Í Byrjendalæsi er leikurinn inni.

Lengd viðvera

Í lengdri viðveru er boðið upp á fjölbreytt námskeið 3 klukkustundir á viku; þriðjudaga til fimmtudaga frá kl 15-16 og valið er fyrir einn mánuð í senn. Þar sem heimilisfræðiaðstaða er ekki til staðar í skólanum, hefur verið reynt að koma til móts við að uppfylla þá kennslu í lengdri viðveru. Meðal fleiri námskeiða sem í boði hafa verið eru: fótþolti, handþolti, björgunarsveitarstarf, skrautskriftarnámskeið, myndmennt, árbók skólans, jóga, skátastarf, útivist, opin handmenntastofa, opin smíðastofa þar sem nemendur geta haldið áfram með verkefni sín, leiklist o.fl. ásamt heimanámsaðstoð. Í lengdri viðveru er m.a. komið til móts við það val sem unglingadeildin á að hafa skv. viðmiðunarstundaskrá en í henni er kveðið á um að 8.-10. bekkur eigi að hafa allt að þriðjung námstímans í val.

Nemendur með annað móðurmál en íslensku

Samkvæmt lögum eiga nemendur í grunnskóla er hafa annað móðurmál en íslensku og hafa fasta búsetu hér á landi, rétt á sérstakri kennslu í íslensku. Markmið kennslunnar er að gera nemendur færa að skilja og nota íslenskt mál, stunda nám í íslenskum grunnskólum og taka þátt í íslensku samfélagi.

Skólaráð þess skóla er nemandi stundar nám við skal sjá til þess að hann fái þá kennslu í íslensku sem skólastjóri og sérfræðipjónusta skóla telur þörf á meðan nemandi stundar þar nám. Miða skal við að hver nemandi með annað móðurmál en íslensku fái 2 stundir á viku í sérstakri íslenskukennslu á meðan hann er að ná tökum á íslensku máli. Samkvæmt mati skólastjóra og sérfræðipjónustu skóla getur kennslan verið mismunandi eftir skyldleika móðurmáls nemanda við íslensku. Í skólum þar sem því verður við komið og með samþykki viðkomandi sveitarstjórnar, skulu nemendur með annað móðurmál en íslensku fá kennslu í og á eigin móðurmáli í samráði við forráðamenn. Með kennslunni skal stefnt að virku tvítyngi þessara nemenda. Nemendur skulu hvattir til að halda móðurmáli sínu við og rækta það, enda er traust móðurmálskunnátta forsenda góðs námsárangurs í öðrum tungumálum.

Einstök markmið með kennslu barna með annað móðurmál en íslensku eru þessi:

- að gera nemendur færa að skilja og nota íslenskt mál, stunda nám í íslenskum skólum og taka þátt í íslensku samfélagi
- að greina stöðu og þarfir einstakra nemenda við upphaf skólagöngu hérlandis
- að byggja upp íslenskan orðaforða og þjálfra eðlilega framsögn í töluðu máli
- að stuðla að þróun námsþroska og læsis með sérstakri áherslu á lesskilning
- að laga nám og námsefni að námsgetu og málferni hvers einstaklings

Þessir nemendur hafa misgóðar forsendur til að takast á við almennt nám í íslenskum skóla. Þeir koma í skólann með mistrausta undirstöðu í almennu námi og mismikla kunnáttu í íslensku talmáli og læsi á íslenskan texta. Í kennslunni skal leitast við að þjálfva nemandann í íslensku máli með sérstakri áherslu á hugtakaskilning og læsi, finna námsefni við hæfi, örva námsgetu og námstækni. Þá ber einnig að stuðla að félagslegri vellíðan nemandans, bæði einstaklingslega og í félagahópnum. Einnig er mikilvægt að nemendur fái innsýn í það samfélag sem þeir eru að tengjast og að þeim séu kynntar þær reglur og siðvenjur er gilda hverju sinni - jafnvel í svo litlu samfélagi sem skólinn okkar er.

Námsmat

Megintilgangur námsmats er að afla upplýsinga sem hjálpa nemendum við námið, örva þá og hvetja til að leggja sig enn betur fram. Námsmat á að veita nemendum og foreldrum þeirra, kennurum, viðtökuskólum og skólayfirvöldum upplýsingar um námsgengi nemenda, sem meðal annars má hafa að leiðarljósi við frekari skipulagningu náms. Námsmat á að vera hlutlægt, óhlutdrægt, heiðarlegt og sanngjarnt gagnvart nemendum. Það þýðir að meta verður alla þætti námsins; framfarir, þekkingu, skilning og leikni og láta þá veita í samræmi við áherslur í náminu. Ekki er t.d. nægilegt að meta eingöngu hvaða þekkingu nemandi hefur tileinkað sér, þar sem kennslan hefur fjölþættari markmið.

Mikilvægt er að meta bæði verklega og bóklega þætti og prófa skriflega, verklega eða munnlega eftir því sem við á.

Í Öxarfjarðarskóla byggist námsmat að miklu leyti á símati; að meta vinnu og frammi-stöðu nemandans í náminu jafnt og þétt og láta hann jafnóðum vita hver staða hans er. Inn í símat þetta kemur mat á verkefnum nemandans, vinnubrögðum, ástundun, skilningi, verkþæfni og virkni í umræðum, sem og útkoma á skyndiprófum og könnunum.

Misjafnt er eftir náms-greinum og aldurshópum á hvaða þáttum matið byggist, sem og með hvaða hætti niðurstöður eru settar fram á vitnisburðablaði nemandans.

Endurskoðun og samræming námsmatsaðferða er eitt þeirra umbótaverkefna sem Öxarfjarðarskóli hyggst taka fyrir á næstu misserum. Áhugi er á því að taka upp taka upp leiðsagnarmat í Öxarfjarðarskóla og stefnt er á námskeið í þeim efnum.

Innra mat

Tvisvar sinnum síðan 2008 hafa kannanir verið lagðar fyrir nemendur, starfsfólk og foreldra varðandi líðan, skólastarfið og samskipti. Ut frá þessum niðurstöðum er m.a. unnin umbótaáætlun. Stefnt er að því að leggja kannanir fyrir nemendur og foreldra einu sinni á ári. Hægt er að nálgast niðurstöður kannananna á vefsíðu skólans í eldri fréttum.

Stefnt er á þessar kannanir áfram en jafnaframt á endurskoðun spurningalista.

Forföll og leyfi

Foreldrar eru vinsamlegast beðnir að tilkynna forföll til skólastjórnenda eða viðkomandi umsjónarkennara, sem og að láta skólabílstjóra vita ef barn þeirra mætir ekki í skólabíl. Umsjónarkennari getur staðfest leyfi í einn til tvo daga, en ef um lengri tíma er að ræða skal hafa samband við skólastjóra eða aðstoðarskólastjóra.

HAGNÝTAR UPPLÝSINGAR

Símanúmer Öxarfjarðarskóla

Kennarastofa	465-2244
Netfang	lundur@kopasker.is
Netfang skólastjóra	gudrunsk@nordurthing.is
Skólastjóri	465-2246
Eldhús	465-2247
Íþróttahús og sundlaug	465-2248
Myndsími (fax)	465-2249
Leikskóladeild Kópaskeri	465-2405
Leikskóladeild Lundi	465-2344
Verkstjóri í áhaldahúsi	898-2180

Starfsfólk Öxarfjarðarskóla

Guðrún Sigríður	íslenska og enska í 5.-6.	gudrunsk@nordurthing.is
Kristjánsdóttir	bekk	
Skólastjóri		
Hrund Ásgeirsdóttir	Íslenska og enska í 7.-10.	hrund@kopasker.is
Aðstoðarskólastjóri	bekk	
Elisabeth Hauge	Tónmenntakennsla í 1.-6.	elisabeth@nordurthing.is
Deildarstjóri Krílakots Lundi	bekk	
Aðalbjörg Signý		adalbjorg@kopasker.is
Sigurvaldadóttir		
Deildarstjóri Krílakots		
Kópaskeri		

Guðrún Margrét Einarsdóttir sérkennari	Sérkennsla og stuðningur í öllum deildum	gunnamagga@kopasker.is
Cornelia Spandau iðjuþjálfari	Iðjuþjálfun og íþróttir	conny@web.de
Guðmundur Örn Benediktsson	Smíðar	goben@simnet.is
Inga Fanney Sigurðardóttir kennari	Umsjón, stærðfræði og enska í 7.-8.bekk. Samfélagsfræði í 5.-8.bekk.	ingafann@gmail.com
Árni Sigurðsson	Íþróttir	arnisigur@hotmail.com
Kristján Ingi Jónsson	Umsjón, stærðfræði í 9.-10. bekk. Danska í 7.-10. bekk. Tölvur í 5.-10.bekk.	kij@simnet.is
Signe Ann-Charlotte Fernholm	Í fæðingarorlofi 2011-2012	acfernholm@gmail.com
Lára Björk Sigurðardóttir Kennari	Umsjón í 5.-6. bekk, stærðfræði og náttúrufræði í 9.-10. bekk	Sigtun671@hotmail.com
Vigdís Sigvarðardóttir	Umsjón í 1.-4. bekk	vigdis@kopasker.is
Ásta Helga Viðar	Stuðningsfulltrúi leikskóla í Lundi	astahv@kopasker.is
Ágústa Sigríður Karlsdóttir	Stuðningsfulltrúi leikskóla í Lundi	agustask@gmail.com
Björg Guðmundsdóttir	Matráður	jing@simnet.is
Elín Mariusdóttir	Matráður	elldor@simnet.is
Eyrún Egilsdóttir	Stuðningsfulltrúi leikskóla í Lundi	sel@kopasker.is
Guðlaug Anna Ívarsdóttir	Skólaliði	gulla@kopasker.is
Halldís Gríma Halldórsdóttir	Stuðningsfulltrúi leikskóla í Lundi	
Hulda Hörn Karlsdóttir	Ráðskona	stefanr@kopasker.is
Sigurfljóð Sveinbjörnsdóttir	Skólaliði	fljoda@gmail.com

Önnur símanúmer:

Friðgeir Rögnvaldsson	898-2180	
Verkstjóri í áhaldahúsi		
Sigurður Halldórsson,	464-0640	
héraðslæknir		
Ragnhildur Þorgeirsdóttir,	464-0640	ragna@heilthing.is
hjúkrunarfr.		

Skólabílstjórar

Guðmundur Þórarinnsson	465-2300, 852-8928, 892-8928
Jón Ingimundarson	465-2221, 895-4021
Bernharð Grímsson	465-2173, 853-4973, 893-8519 (v.s.)
Sigurður Yngvason	465-2265, 853-9240, 891-7311

Tímasetning rútuferða

- Guðmundur Þórarinnsson fer frá Fjöllum kl. 7:45 alla daga
- Jón Ingimundarson fer frá Kópaskeri kl. 7:45 alla daga
- Guðmundur og Jón fara kl. 14:40 frá Lundi mánudaga; kl. 16:00 þriðjudaga-fimmtudaga og kl. 12:00 á föstudögum. Þegar lengdrar viðveru nýtur ekki, fara rúturnar frá Lundi alla daga kl. 14:40 nema föstudaga kl. 12:00.

Reglur í skólabílum**Samþykktar af foreldraráði, bílstjórum og skólayfirvöldum.**

- Sýna ber samferðafólki kurteisi og tillitsemi
- Nemendur skulu vera tilbúnir til að fara upp í skólabílinn þegar hann kemur á morgnana
- Foreldrum ber að tilkynna skólabílstjóra forföll með góðum fyrirvara
- Nemendur eiga alltaf að nota tiltæk öryggisbelti í skólabílnum
- Skóla- og umgengnisreglur gilda einnig í skólabílnum
- Sýna ber ítrustu aðgát þegar farið er í og úr skólabíl, einkum við götu eða þjóðveg
- Endurskinsmerki eru sjálfsagt öryggisatriði í skammdeginu

Ófærð – afboðun skóla

Skólabílstjórar eru einir færir um að meta aðstæður hvað varðar færð á vegum vegna veðurs. Þeir koma skilaboðum til skólastjóra eins fljótt og unnt er til að hægt sé að afboða skóla sem fyrst þann dag.

Skólaráð Öxarfjarðarskóla

Guðrún S. Kristjánsdóttir skólastjóri	465-2246
Lára Björk Sigurðardóttir kennari	465-2244
Vigdís Sigvarðardóttir leiðbeinandi	465-2244
Guðlaug Anna Ívarsdóttir skólaliði	465-2244
Aðalbjörg S. Sigurvaldadóttir fulltrúi foreldra	462-4073
Guðríður Baldvinsdóttir fulltrúi foreldra	465-2497
Jón H. Guðmundsson fulltrúi úr grenndarsamfélagi	465-2235

Nemendaverndarráð Öxarfjarðarskóla

Guðrún S. Kristjánsdóttir skólastjóri	465-2246, 892-5228
Hrund Ásgeirsdóttir aðstoðarskólastjóri	465-2245, 616-6011
Ragnhildur Þorgeirsdóttir Hjúkrunarfræðingur	464-0640
Sigurður Halldórsson héraðslæknir	464-0640
Fulltrúi Félags- og skólaþjónustu Umsjónarkennari/sérkennari viðkomandi barns/ barna	464-6100

Menningar- og fræðsluráð Norðurbings

Soffía Helgadóttir, formaður
 Anna Krístrún Sigmarsdóttir
 Huld Hafliðadóttir
 Olga Gísladóttir
 Stefán Leifur Rögnvaldsson

Áfallaráð Öxarfjarðarskóla

Guðrún S. Kristjánsdóttir skólastjóri	465-2246, 892-5228
Hrund Ásgeirsdóttir aðstoðarskólastjóri	465-2245, 616-6011
Séra Jón Ármann Gíslason	465-2250
Séra Hildur Sigurðardóttir	465-2250
Sigurður Halldórsson héraðslæknir	464-0640

Umhverfisráð Öxarfjarðarskóla

Inga Fanney Sigurðardóttir	465-2244
Kristján Ingi Jónsson	465-2244
Vigdís Sigvarðardóttir	465-2244

SKÓLADAGATAL

ÁGÚST	SEPTEMBER	OKTÓBER	NOVEMBER	DESEMBER	JANÚAR	FEBRUAR	MARS	APRÍL	MÁI	JÚNÍ
1. M. Frídagur vesturmannanna	1. F.	1. L.	1. Þ.	1. F. Félagsdagurinn	1. S. Vetrardagur	1. M. Starfsdagur	1. F.	1. S. Hámsamurður	1. Þ. Vetrardagurinn	1. F.
2. Þ.	2. F.	2. S.	2. M.	2. F.	2. M. Starfsdagur	2. F.	2. F.	2. M.	2. M.	2. L.
3. M. Endurnemmanáðarséð	3. L.	3. M.	3. F.	3. L.	3. Þ. Kennsla hefst	3. F.	3. L.	3. Þ.	3. F.	3. S.
4. F. Starfsdags verða í ágúst.	4. S.	4. Þ.	4. F.	4. S.	4. M.	4. L.	4. S.	4. M.	4. F.	4. M. Skóladagur ungl.
5. F. Þau verða nánar dögsett.	5. M.	5. M.	5. L.	5. M.	5. F.	5. S.	5. M.	5. F. Skóladagur	5. L.	5. Þ. Skóladagur ungl.
6. L. Sláir.	6. Þ.	6. F.	6. S.	6. Þ.	6. F. Fretandinn	6. M. Dagur heilsaköns	6. Þ. Foreldrasamtöl	6. F. Fretandinn langtí	6. S.	6. M.
7. S.	7. M.	7. F.	7. M.	7. M.	7. L.	7. Þ.	7. M.	7. L.	7. M.	7. F.
8. M.	8. F. Dagur lægis	8. L.	8. Þ.	8. F.	8. S.	8. M.	8. F. Bókagáskenniant	8. S. Fiskidagur	8. Þ.	8. F.
9. Þ.	9. F.	9. S.	9. M. Foreldrasamtöl	9. F. Lengdi vöðva þjóð	9. M.	9. F.	9. F.	9. M. Annar íþásum	9. M.	9. L.
10. M.	10. L.	10. M.	10. F.	10. L.	10. Þ.	10. F.	10. F.	10. Þ.	10. F. Kennslufélaginn	10. S.
11. F.	11. S.	11. Þ.	11. F.	11. S.	11. M.	11. L.	11. S.	11. M. Kennsla hefst	11. F.	11. M.
12. F.	12. M. Lengdi vöðva hefst	12. M.	12. L.	12. M.	12. F.	12. S.	12. M.	12. F.	12. L.	12. Þ.
13. L.	13. Þ.	13. F.	13. S.	13. Þ.	13. F.	13. M. Þennuáka	13. Þ.	13. F.	13. S.	13. M.
14. S.	14. M.	14. F.	14. M.	14. M.	14. L.	14. Þ. Þennuáka	14. M.	14. L.	14. M. Kennsla	14. F.
15. M.	15. F. Skóladagur 1-7. b.	15. L.	15. Þ.	15. F. Álfu þón	15. S.	15. M. Þennuáka	15. F.	15. S.	15. Þ. Kennsla	15. F.
16. Þ.	16. F.	16. S.	16. M. Dagur flenskrar tungu	16. F.	16. M.	16. F. Þennuáka	16. F.	16. M.	16. M. Atvinnugæma	16. L.
17. M. Unntönnungsdagur	17. L.	17. M.	17. F.	17. L.	17. Þ.	17. F. Þennuáka	17. L.	17. Þ.	17. F. Uppsýringurinn	17. S. Vetrardagurinn
18. F. Þingdagur	18. S.	18. Þ.	18. F.	18. S.	18. M.	18. L.	18. S.	18. M.	18. F. Atvinnugæma	18. M.
19. F. Unntönnungsdagur	19. M. Samr. próf. 10. b. ísl.	19. M.	19. L.	19. M.	19. F.	19. S.	19. M.	19. F. Sumardagurinn fyrsti	19. L.	19. Þ.
20. L.	20. Þ. Samr. próf. 10. b. ensk.	20. F.	20. S.	20. Þ.	20. F.	20. M. Bókudagur	20. Þ.	20. F.	20. S.	20. M.
21. S.	21. M. Samr. Próf. 10. b. Stær.	21. F.	21. M.	21. M.	21. L.	21. Þ. Spennidagur	21. M.	21. L.	21. M. Atvinnugæma	21. F.
22. M. Unntönnungsdagur	22. F. Samr. próf. 4. og 7. ísl.	22. L.	22. Þ.	22. F.	22. S.	22. M. Óskuldagur	22. F.	22. S.	22. Þ. Starfsdagur/skólastí	22. F.
23. Þ. Unntönnungsdagur	23. F. Samr. próf. 4. og 7. stær.	23. S.	23. M. Bókagáskenniant	23. F. Þorláknesa	23. M.	23. F.	23. F.	23. M.	23. M. Unntönnungur	23. L.
24. M. Starfsdagur Skólaeining	24. L.	24. M.	24. F.	24. L. Vetrardagur þón	24. Þ.	24. F.	24. L.	24. Þ.	24. F. Unntönnungur	24. S.
25. F. Kennsla hefst	25. S.	25. Þ.	25. F.	25. S. Vetrardagur	25. M.	25. L.	25. S.	25. M.	25. F. Unntönnungur	25. M.
26. F.	26. M.	26. M.	26. L.	26. M. Annar íþásum	26. F.	26. S.	26. M.	26. F.	26. L.	26. Þ.
27. L.	27. Þ. Haustiðagur	27. S.	27. M.	27. Þ.	27. F.	27. M.	27. Þ.	27. F.	27. S. Hámsamurður	27. M.
28. S.	28. M.	28. M.	28. M.	28. M.	28. L.	28. Þ.	28. M.	28. L.	28. M. Annar íþásum	28. F.
29. M.	29. F.	29. L.	29. Þ.	29. F.	29. S.	29. M.	29. F. Arshab	29. S.	29. Þ.	29. F.
30. Þ.	30. F. ÞÓNE	30. S.	30. M.	30. F.	30. M.	30. F.	30. F.	30. M.	30. M.	30. L.
31. M.		31. M.		31. L. Gættisdagur	31. Þ.		31. L.		31. F.	

Útskýringar á skóladagatali 2011-2012**Undirbúningsdagur – Kennarar vinna við undirbúning og frágang vor og haust.****Starfsdagur – Starfsdagur kennara en nemendur eru heima.**

- 24. ágúst – skólasetning
- 25. ágúst – kennsla hefst samkvæmt stundaskrá
- 12. september – lengd viðvera hefst
- 15. sept. – Skólaferðalag 1.-7. bekkja
- 19.-23. október – samræmd próf í 4., 7. og 10. bekk
- 27. október – Haustgleði nemenda
- 28. október – starfsdagur kennara – frí hjá nemendum
- 9.-10. nóvember – Foreldrasamtöl
- 16. nóvember – Dagur íslenskrar tungu
- 23. nóvember – bekkjaskemmtanir
- 8. desember – föndurdagur þar sem nemendur bjóða fjölskyldu sinni til jólaföndurs í skólanum
- 9. desember – lengdri viðveru lýkur fyrir jól
- 13. desember – Lucia-hátíð að sænskum sið í Lundi
- 15. desember – litlu jólin eftir hádegi
- 2. janúar – starfsdagur kennara, nemendur í frí.
- 3. janúar. – Fyrsti kennsludagur eftir jólafrí.
- 1. febrúar – starfsdagur kennara, nemendur í frí.
- 13-17. febrúar – þemadagar – hefðbundin kennsla brotin upp
- 6. mars – Foreldrasamtöl
- 8. mars – bekkjaskemmtanir
- 29. mars – Árshátíð nemenda – leiksýning
- 1.-10. apríl – páskafrí
- 11. apríl – kennsla hefst eftir páskafrí
- 19. apríl – sumardagurinn fyrsti - frí
- 1. maí – verkalýðsdagurinn - frí
- 10. maí – ruslatínsludagur og grill á eftir
- 16.-21. maí – atvinnuþemadagar
- 22. maí – skólaslit

FÉLAGS- OG TÓMSTUNDASTARF

Fulltrúar Öxarfjarðarskóla í Ungmennaráði Norðurbings:

Rögnvaldur Viðar Friðgeirsson, formaður Ungmennaráðs
Jóna Guðbjörg Ágústdóttir

Nefndir í unglingadeild

Nemendaráð:

Unnar Jónsson, formaður
Nareerat Kanram
Bogi Rafn Magnússon
Bjarni Þór Geirsson
Ingunn Jóhanna Kristjánsdóttir
Brynjar Freyr Hafsteinsson

Fjáröflunarnefnd:

Fanney Svava Guðmundsdóttir, formaður
Rögnvaldur Viðar Friðgeirsson
Þórdís Alda Ólafsdóttir

Íþróttanefnd:

Snæþór Aðalsteinsson, formaður
Sigurður Helgi Friðnýjjarson
Rögnvaldur Stefánsson
Aron Sankla Ísaksson

Leiklistar- og viðburðanefnd:

Jóna Guðbjörg Ágústdóttir, formaður
Margrét Eva Arthúrsdóttir
Björg Dúa Guðmundsdóttir

Leiklist og sviðsreynsla

Í Öxarfjarðarskóla hefur sú stefna verið í heiðri höfð um árabíl að allir nemendur skólans stígi á leiksvið á hverju skólaári. Þetta er liður í því að efla sjálfsmynd nemenda, kenna þeim framsögn og efla öryggi þeirra í framkomu og tjáningu. Þrátt fyrir að allir þættir í skólastarfinu séu mikilvægir eru sumir mikilvægari en aðrir og er þátttaka í leiklistarstarfi án efa einn þeirra. Það er sannfæring okkar að þátttaka í heildstæðu leikverki sé börnum og unglingum afar dýrmæt reynsla.

Árshátíð Öxarfjarðarskóla hefur ýmist verið haldin í desember eða apríl, þ.e rétt fyrir jólafrí eða fyrir páskafrí. Þá stíga allir nemendur skólans á svið og syngja, dansa eða leika fyrir áhorfendur. Elstu nemendur leikskólans taka einnig þátt með yngstu deildinni sem er með stutta þætti.

Unglingadeildin hefur undanfarin ár sett upp stórar sýningar í fullri lengd og oftar en ekki hafa söngleikir orðið fyrir valinu. Meðal verka sem sett hafa verið upp eru: *Lína langsokkur*, *Gauragangur*, *Grease*, *Hárið*, *Wake me up*, *Slappaðu af* og mörg fleiri. Árshátíðin er liður í fjáröflun nemenda fyrir skólaferðalögum.

Við erum þakklát fyrir stuðning og velvilja í samfélaginu sem hefur gert okkur kleyft að setja upp stór verkefni sem Haustgleði, Árshátíð og fleira.

Stóra upplestrarkeppnin

Í mars á hverju ári er Stóra upplestrarkeppnin haldin. Nemendur 7. bekkja á öllu landinu taka þátt og lokahátíð okkar landhluta er haldin á Raufarhöfn ár hvert. Öxarfjarðarskóli hefur margoft átt verðlaunahafa í upplestrarkeppninni og hefur alltaf lagt mikla áherslu á undirbúning og þátttöku í keppninni. Þeir nemendur sem hafa undanfarin ár tekið þátt í Stóru upplestrarkeppninni hafa staðið sig með miklum sóma.

Félagsmál

Tvisvar yfir skólaárið eru bekkjakvöld hjá yngstastigi og miðstigi þar sem er farið í leiki, sýnd heimatilbúin skemmtiatriði og framreidd pítsa eða annað góðgæti. Einu sinni til tvisvar á vetri verða 8.-10. bekkur eftir í skólanum og gista. Þá gera þau sér ýmislegt til dundurs, elda og borða saman, eru í íþróttum, horfa á myndband o.fl. Þá er hinn svokallaði samskóladagur tvisvar á vetri en þá hittast elstu bekkir allra skólanna hér í sýslunni í einhverjum skólanum og gera sér ýmislegt til skemmtunar.

Skólaferðalög eru fastur liður í skólastarfinu. 1.-7. bekkur fara í dagsferð en 8.-10. bekkur í lengri ferðalög. Þá eru gagnkvæmar heimsóknir milli deilda skólans á hverjum vetri. Í Öxarfjarðarskóla hefur skapast sú hefð að fara með nemendur 9. og 10. bekkja til Danmerkur annað hvert ár. Vorið 2011 var í fyrsta skipti farið með alla nemendur unglingadeildarinnar og stefnt að því að fara framvegis á þriggja ára fresti. Nemendur hafa þá verið í samskiptum við jafnaldra í Danmörku og þeir eru þá heimsóttir á meðan dvöl stendur. Annað hvert ár hefur verið farið í skíðaferðalag til Akureyrar eða í Skagafjörð.

Nemendur í 1.-7. bekk fara saman í ferðalag og misjafnt er hvert hefur verið farið. Haustið 2011 var farið í þjóðsöguferð í Kelduhverfið ásamt því að skoða minjasafnið að Mánárbakka og fjöruna við Voladal á Tjörnesi.

Haustgleði

Á Haustgleði, árlegri fjáröflunarsamkomu efribekkinga, bjóða nemendur foreldrum, frændum og vinum til glæsilegrar veislu og skemmtidagskrár, gegn vægu gjaldi. Haustgleði hefur verið árviss viðburður á skóladagatali undanfarin ár. Það hefur verið í höndum Unglingadeildarinnar að sjá um skemmtiatriði og reiða fram mat með dyggum stuðningi foreldris. Haustgleðin er fjáröflunarleið nemenda og rennur ágóðinn beint ferðasjóð. Auglýst er út í samfélagið og fyrirtækin á svæðinu hafa verið velviljuð í garð skólans og styrkt þessa samkomu.

UMHVERFISSTEFNA

Frá umhverfisráði Öxarfjarðarskóla

Í Öxarfjarðarskóla hefur verið sett á laggirnar umhverfisráð sem í eru starfsmenn skólans og fulltrúar nemenda. Markmið umhverfisráðs er að vinna að umhverfisstefnu fyrir skólann og hrinda henni í framkvæmd. Umhverfisstefnan mun greina frá hvaða aðferðir og starfshætti skólinn ætlar að taka upp varðandi innkaup, notkun efna og orku, úrgang og annað sem lýtur að umhverfisvernd. Þar mun einnig sagt frá umhverfismennt sem hefur það markmið að fá nemendur til að skilja, þekkja og virða umhverfi sitt. Umhverfisstefnan þarf að taka mið af því umhverfi og samfélagi sem skólinn er hluti af.

Markmið umhverfisfræðslu eru:

- að vekja athygli nemenda á umhverfinu og þeim vandamálum sem þar bíða úrlausnar
- að auka þekkingu og áhuga nemenda á náttúrunni svo þeir geri sér betur grein fyrir hvaða áhrif röskun af manna völdum getur haft á umhverfið
- að efla ábyrgð nemenda gagnvart umhverfinu og hvetja þá til að vernda náttúruna m. a. með fyrirbyggjandi aðgerðum
- að hvetja nemendur til sparnaðar og endurnýtingar eftir því sem kostur er
- að fá nemendur til að hugleiða áhrif lífstíls á umhverfið
- að nemendur þroski með sér virðingu og samkennd með lífi, náttúru og nánasta umhverfi
- að nemendur læri að þekkja nánasta umhverfi sitt og þær lífverur sem þar búa.
- Að vekja nemendur til umhugsunar um **sjálfbærni**. Sjálfbærni felur í sér virðingu fyrir umhverfinu, ábyrgð, heilbrigði, lýðræðisleg vinnubrögð og réttlæti ekki bara í nútíma heldur einnig gagnvart komandi kynslóðum. Óhugsandi er að stuðla að mannréttindum án þess að jafnframt sé leitað eftir sjálfbærni og jafnvægi í þróun samfélagsins.

FORVARNIR

Vímuefnavarnir

Forvarnir gegn vímuefnanotkun eru fyrst og síðast málefni foreldra og heimila, þó svo skólar geti lagt þar hönd á plóginn með fræðslu og upplýsingum. Í áranna rás hefur verið unnið óformlega að vímuefna- og tóbaksvörnum í tengslum við kennslu í líffræði og samfélagsfræði. Umsjónarkennarar hafa klipið af tímum námsgreinanna hér og þar og skapað sér þannig tíma til að fjalla um þessi mál. Námsgreinin lífsleikni á sér nú fastan sess í skólastarfinu og í lífsleikni tímum er m.a. gert ráð fyrir að verja ákveðnum tíma í fræðslu um skaðsemi áfengis, tóbaks og annarra fíkniefna. Öxarfjarðarskóli vill einnig stuðla að góðu samstarfi við foreldrafélag og heilsugæslu á þessu sviði.

Stuðst er við neðangreinda áætlun í vímu- og tóbaksvörnum:

Markmið:

- Að treysta þá stefnu skólans að koma í veg fyrir að nemendur neyti tóbaks, áfengis eða annarra vímuefna og fræða þá um þær hættur sem slíkri neyslu eru samfara.
- Leitast við að skapa það hugarfar hjá nemendum að neysla þessarra efna verði óæskileg og neikvæð í þeirra augum.

Framkvæmd:

- Haldið er uppi fræðslu fyrir nemendur og reynt að miðla til þeirra þekkingu við hæfi þeirra aldurshópa er höfðaða skal til hverju sinni. Ákveðnir námshópar verja hluta af lífsleikninámi sínu til að fjalla um þessi mál.
- Draga úr áhættu og styrkja lífsleikni nemenda með því að hvetja til fjölbreyttra viðfangsefna og jákvæðs lífsviðhorfs.
- Mæta þeim nemendum sem teljast vera í sérstakri áhættu, ef einhverjir eru, með ákveðinni íhlutun og afskiptum.

Einelti og félagatengsl

Nú er það svo að alloft kemur upp vísir að einelti og þá er nauðsynlegt að geta gripið inn í strax.

Hvert tilfelli er sérstakt og því ekki alltaf hægt að fara nákvæmlega eins að við lausn vandans. Einelti er auk þess oftast en ekki mjög dulið og erfitt að festa hendur á því. Engu að síður verður að vera til áætlun sem kennarar og starfsmenn geta stuðst við og haft til viðmiðunar þegar bregðast þarf við óæskilegri hegðun eða vísi að einelti. Við vonum að sú mikla umræða um eineltisvarnir sem farið hefur fram innan starfsmannahópsins muni skila sér í vandaðri aðgerðaáætlun og markvissum viðbrögðum gegn einelti, hvar og hvernig sem það birtist.

Skilgreining á einelti

Einelti er þegar einstaklingur verður margendurtekið og á afmörkuðu tímabili fyrir aðkasti frá einum eða fleiri aðilum.

Einelti getur birst á margan hátt:

- **Líkamlegt** - lemja, hrinda, sparka, stela, skemma eigur annarra.
- **Andlegt** - hótta, uppnefna, stríða, nota niðrandi athugasemdir og bréf, útiloka úr hópnum, skilja út undan, breiða út sögur og baktala.
- Það er ekki formið sem skiptir mestu máli heldur hvaða áhrif áreitið hefur á þolandann.
- Mikilvægt að hafa í huga að gerendur eru ekki alltaf meðvitaðir um hversu sársaukafullt einelti er fyrir þolendur.
- Allir geta átt á hættu að lenda í eineltisaðstæðum, hvort heldur er sem þolendur, gerendur eða óvirkir samþykkjendur.

Forvarnir í eineltismálum

Forvarnir gegn einelti hefjast við upphaf skólagöngu. Það er markmið skólans að halda uppi öflugum forvarnarstarfi gegn einelti í öllum bekkjum skólans.

Skólinn/starfsfólk

- Virk gæsla sé í frímínútum, matarhléum, íþróttahúsum, skólabílum og í ferðalögum á vegum skólans.
- Nýir nemendur fái sérstakar móttökur, m.a. viðtal við skólastjóra og umsjónarkennara.
- Allir starfsmenn taki þátt í mótun eineltisstefnu skólans og daglegri framkvæmd hennar.
- Eineltisáætlun skólans sé yfirfarin reglulega og hún endurskoðuð. Kennurum, sem þurfa að fást við einelti býðst handleiðsla og ráðgjöf, m.a. frá sálfræðingi Félags- og skólaþjónustunnar.

Foreldrar/forráðamenn

- Samvinna sé milli heimila og skóla um forvarnir gegn einelti og viðbrögð gegn því.
- Fræðsla um einelti fyrir foreldra/forráðamenn öðru hverju.
- Foreldrar/forráðamenn hafi greiðan aðgang að upplýsingum um stefnu skólans í eineltismálum.
- Stuðla skal að því að foreldrahópurinn komi sér saman um óskráðar reglur varðandi afmælisboð.

Nemendur

- Samræður með nemendahópnum um einelti og afleiðingar þess, eftir því sem tilefni gefast.
- Umsjónarkennarar hafi reglulega umræðu í umsjónarhópum sínum um líðan, samskipti og hegðun.
- Allir námshópar búi til samskiptareglur í byrjun hvers skólaárs, þar sem einnig er fjallað um viðbrögð við einelti.
- Stefnt skal að því að kanna líðan nemenda reglulega.
- Nemendur í yngri námshópnum fjalli reglulega um félagstengsl og vináttu.
- Stuðla að samkomulagi innan hvers námshóps um afmælisboð og önnur heimboð.
- Nemendur þjálfist í að vinna í hópum og sýna hver öðrum tillitsemi, sveigjanleika og umburðarlyndi.

Áföll

Undanfarna vetur hefur verið unnið að því að safna upplýsingum um það hvernig best sé að bregðast við slysum og öðrum alvarlegum áföllum sem upp kunna að koma og vinna áfallaáætlun fyrir skólann. Áfallaráð Öxarfjarðarskóla hefur það meginhlutverk að gera vinnuáætlun svo bregðast megi fúmlaust og ákveðið við þegar áföll verða; bráð veikindi, alvarleg slys, dauðsföll eða aðrir atburðir sem líklegir eru til að kalla fram áfallastreitu og/eða sorgarviðbrögð.

Lykilatriði er að mótuð verði skýr og afdráttarlaus vinnuáætlun um hver sinni hvaða hlutverki, í hvaða röð og hvernig beri að bregðast við í hverju einstöku tilviki. Mikilvægt er að huga vandlega að óskum fjölskyldna þeirra sem hlut eiga að máli hverju sinni. Áfallaráð skal sjá til þess að allt starfsfólk fái kynningu á því hvernig bregðast skuli við áföllum. Áfallaráð skal sjá til þess að kennarar og starfsfólk fái stuðning og hjálp þegar ástæða þykir til.

Áföll teljast:

- Alvarleg slys (nemanda, aðstandenda þeirra eða starfsfólks).
- Alvarleg veikindi (nemanda, aðstandenda þeirra eða starfsfólks).
- Langvinnir sjúkdómar (nemanda, aðstandenda þeirra eða starfsfólks).
- Andlát (nemanda, aðstandenda þeirra, starfsfólks eða maka starfsfólks).
- Önnur alvarleg áföll, óskilgreind, meðal(nemanda, aðstandenda þeirra, starfsfólks eða maka starfsfólks)

TÖLVUMÁL

Tölvukennslan lýtur að því að þjálfar notkun og umgengni við tölvur. Einnig eru tölvur mikilvægt hjálpartæki við almenna kennslu. Skólinn á flest þau kennsluforrit sem Námsgagnastofnun hefur gefið út. Flest eru þau til þjálfunar í íslensku og stærðfræði en taka einnig til annarra greina. Nemendum eru kennd undirstöðuatriði í forritum eins og Word og Excel og öðrum forritum úr Office pakkanum. Önnur forrit eru einnig kynnt fyrir nemendum og þeim kennd grunnatriði í vinnu með þau. Dæmi um verkefni eru myndvinnsla, hreyfimyndagerð og þrívíddarteikning.

Síðast liðið skólaár var tölvukostur skólans endurnýjaður. Þær tölvur sem nemendur höfðu aðgang að voru flestar orðnar gamlar og lélegar. Þar sem allur vélbúnaður er orðinn samstæður er auðveldara að halda vélunum við. Ef uppsetning vélar bilar, einhverra hluta vegna, er til harður diskur í geymslu með réttri uppsetningu og hægt að afrita hann yfir á biluðu vélina.

Á síðast liðnu skólaári var einnig settur upp netþjónn í skólanum. Nú er hægt að tengja allar tölvur á netum skólans inn á miðlæga þjóna og skilgreina geymslusvæði fyrir ákveðna einstaklinga og hópa á þeim. Þá er einnig hægt að hafa öll gögn aðgengileg í gegnum netþjónana úr hvaða vél sem er í skólanum. Stafræn myndavél og stafræn myndbandstökuvél eru til og eru hluti af tæknibúnaði.

Nemendur hafa ekki frjálsan aðgang að Netinu utan kennslutíma og strangar reglur gilda um notkun þess. Ekki er leyfður aðgangur að spjallrásum nema í undantekningartilfellum undir stjórn kennara. Aðgangur að ofbeldis- og klárefni er að sjálfsögðu stranglega bannaður á öllum tölvum skólans.

MÖTUNEYTI

Í mötuneyti Öxarfjarðarskóla í Lundi er lögð áhersla á hollan og góðan heimilismat, þar sem stefnt er að því að nemendur fái öll helstu næringarefni með sem fjölbreyttustu mataræði. Allir nemendur sem skráðir eru í fæði skulu mæta í borðsal. Nemendur eru hvattir til þess að fá sér af því sem á boðstólum er hverju sinni. Starfsfólk mötuneytis reynir ásamt gæslufólki að fylgjast með matarvenjum nemenda og tilkynna skólafyrirvöldum ef talin er ástæða til þess að hafa samband við heimili. Matseðillinn er mjög breytilegur frá degi til dags, þannig að það á að geta verið óvænt ánægja að fá hátíðarmat hvaða dag vikunnar sem er. Allir nemendur fá morgunmat eftir fyrsta kennslutíma. Í hádeginu er alltaf heitur matur og síðdegishressing þá daga sem lengd viðvera er. Leikskóladeildin í Lundi fær mat úr mötuneytinu í Lundi en leikskóladeildin á Kópaskeri fær heitan mat úr mötuneyti Stóru Markar.

SAMSTARFSADILAR

Menningar- og fræðsluráð

Menningar- og fræðsluráð Norðurbings, fer með málefni skólans svo sem lög og reglugerðir gera ráð fyrir. Hlutverk skólanefndar er, skv. 12. gr. grunnskólalaganna, eftirfarandi:

Í hverju skólahverfi skal vera skólanefnd sem fer með málefni grunnskóla eftir því sem lög og reglugerðir ákveða og sveitarstjórnir eða sveitarstjórnir kunna að fela henni.

Skólanefnd skal sjá um að öll skólaskyld börn í skólahverfinu njóti lögboðinnar fræðslu. Hún skal staðfesta áætlun um starfstíma nemenda ár hvert og fylgjast með framkvæmd náms og kennslu í skólahverfinu. Í sveitarfélögum þar sem skólahverfi eru fleiri en eitt skal áætlun um starfstíma nemenda jafnframt staðfest af viðkomandi sveitarstjórn. Skólanefnd getur gert tillögur til skólastjóra um umbætur í skólastarfi. Jafnframt skal skólanefnd stuðla að tengslum og samstarfi leikskóla og grunnskóla.

Skólanefnd fylgist með og stuðlar að því að skólum sé tryggður aðgangur að sérfræðipjónustu og að jafnan sé fyrir hendi fullnægjandi húsnæði og annar aðbúnaður, þar með talin útivistar- og leiksvæði nemenda. Skólanefnd ásamt skólastjóra lítur eftir að uppfylltar séu kröfur laga og reglugerða á þessu sviði og gerir tillögur til sveitarstjórnar um úrbætur.

Skólaráð

Með gildistöku laga nr. 91 um grunnskóla frá 12. júní 2008 koma skólaráð í stað foreldraráða.

Skólaráð er samráðsveitvangur skólastjóra og skólasamfélags um skólabald. Skólaráð tekur þátt í stefnumörkun fyrir skólann og mótun sérkenna hans. Skólaráð fjallar um skólanámskerá skólans, árlega starfsáætlun, rekstraráætlun og aðrar áætlanir um skólastarfið. Skólaráð skal fá til umsagnar áætlanir um fyrirhugaðar meiri háttar breytingar á skólabaldi og starfsemi

skóla áður en endanleg ákvörðun um þær er tekin. Skólaráð fylgist almennt með öryggi, aðbúnaði og almennri velferð nemenda. Skólaráð skal skipað níu einstaklingum til tveggja ára í senn, tveimur fulltrúum kennara ásamt einum fulltrúa annars starfsfólks í viðkomandi skóla, tveimur fulltrúum nemenda og tveimur fulltrúum foreldra, auk skólastjóra sem stýrir starfi skólaráðs og ber ábyrgð á stofnun þess. Skólaráð velur að auki einn fulltrúa grenndarsamfélags til að sitja í ráðinu eða viðbótarfulltrúa úr hópi foreldra. Auk þess skal skólastjóri boða til sameiginlegs fundar skólaráðs og stjórnar nemendafélags að lágmarki einu sinni á ári. Sjá nánar reglugerð um starfsemi skólaráða á heimasíðu hvers skóla.

Skólaráð er vettvangur sem skólastjóri hefur til að kynna áform sín og fá formleg viðbrögð foreldra við þeim. Mikilvægt er að foreldrar nýti þennan formlega vettvang til að koma sjónarmiðum sínum á framfæri. Foreldraráð getur veitt skóla og skólayfirvöldum virkt og uppbyggilegt aðhald og komið með raunhæfar tillögur til umbóta. Hlutverk skólaráðs er m.a. að skoða ýmsa þætti í skólastarfinu t.d. skóladagatal, viðmiðunarstundaskrá og stundaskrár bekkjanna, skipulag skólavikunnar og fleira þess háttar.

Foreldrafélag Öxarfjarðarskóla

Foreldrafélag er vettvangur til að ræða saman um félagslíf og skólagöngu barna og einnig það sem varðar tómstundir þeirra, uppeldi og menntun. Vel rekið og virkt foreldrafélag er ómetanlegur styrkur hverju skólasamfélagi. Það er hefð fyrir því að Foreldrafélagið standi fyrir spila- og leikjalegi einu sinni á skólaárinu og hreinsunardegi í maí, í samvinnu við skólann. Foreldrafélagið hefur einnig fengið utanaðkomandi aðila til að halda fræðsluerindi fyrir foreldra og nemendur og það hefur séð um veitingasölu á árshátíðum skólans til margra ára.

Félags- og skólaþjónusta Þingeyinga

Félags- og skólaþjónusta Þingeyinga er rekin af Norðurþingi. Verkefni þjónustunnar eru víðtæk en meginviðfangsefni skólaþjónustunnar er að styrkja skóla og starfsmenn þeirra með ráðgjöf varðandi skólaþróun, skólanámskrárgerð og mat á skólastarfi, auk kennslufræðilegrar ráðgjafar vegna sér- og stuðningskennslu, almennrar kennslu og kennslu einstakra námsgreina.

Hlutverk Félags- og skólaþjónustunnar er m.a. að veita greiningar og ráðgjöf:

- vegna mál- og tal örðugleika
- vegna almennra námsörðugleika
- vegna lestrar- og stærðfræðiörðugleika
- vegna félags- og tilfinningalegra örðugleika
- vegna skólagöngu fatlaðra
- vegna vanda sem tengist einstökum nemendum eða bekkjardeildum
- Ráðgjöf, hvort sem um er að ræða ráðgjöf vegna einstaklingsmála eða samstarfsverkefni á sviði skólaþróunar, er veitt samkvæmt tilvísunum.

Starfsmenn Félags- og skólaþjónustu eru m.a.:

- **Dögg Káradóttir**, félagsmálastjóri
- **Guðrún Kristín Jóhannsdóttir**, ráðgjafi félagsþjónustu og barnavernd
- **Sigurður Aðalgeirsson**, grunnskólafulltrúi
- **Árný Þóra Ármannsdóttir**, námsráðgjafi
- **Anný Peta Sigmundsdóttir**, sálfræðingur
- **Ingibjörg Sigurjónsdóttir**, sálfræðingur
- **Anna Ragnarsdóttir**, ritari

Leikskóladeildir Öxarfjarðarskóla

Öxarfjarðarskóli er samrekinn leik- og grunnskóli með tvær leikskóladeildir. Grunn- og leikskóladeild í Lundi og leikskóladeild á Kópaskeri. Leikskólinn Krílakot á Kópaskeri var stofnaður 1985. Í fyrstu var hann rekinn af foreldrum en um 1990 tók sveitarfélagið við rekstri hans. Árið 1992 flutti leikskólinn inn í húsnæði Grunnskólans á Kópaskeri og hefur verið þar síðan. Sama haust hófst samstarf milli leikskólans og grunnskólans um verkefnið **“Brúum bilið”** og hefur það staðið óslitið alla tíð síðan. Þetta mun vera lengsta óslitna samstarf leik- og grunnskóla á landinu. Markmiðið var að skapa samfellu í starfi skólana, og að börnunum liði vel þegar þau flyttust á milli skólastiga. Leikskólabörnin kynnst samnemendum og væntanlegum kennara og koma þar af leiðandi öruggari í skólann árið eftir. Nokkrir aðilar hafa komið að þessu samstarfi í gegnum árin og viðfangsefni hafa verið fjölbreytt; tónlist, samvinna í hópi, lestur, ritað mál, náttúrufræði og stærðfræði, svo dæmi séu nefnd. Gott samstarf hefur alla tíð verið við kennara í skólanum. Árið 1993 ýttu foreldrar í Öxarfirði starfi af stað í Lundi í samstarfi við Sveitarfélagið. Það var svo árið 2005 að Lundardeild Krílakots tók til starfa í nánú samstarfi við grunnskólann og hefur það samstarf aukist í samreknnum leik- og grunnleikskóla. Verkefnið **Brúum bilið** stendur enn og elstu börn leikskóladeildanna beggja koma einu sinni í viku inn í grunnskólann og taka þátt í starfi yngsta stigsins. Þetta skólaár eru verkefnið í tengslum við **Brúum bilið** unnin mestmegnis út frá verkefninu **Byrjendalæsi**.

Námssvið leikskóladeildanna eru samkvæmt aðalnámskrá leikskóla: hreyfing, tónlist, myndsköpun, málrækt, náttúran og umhverfið, menning og samfélag. Leikskólinn hefur undanfarin ár starfað eftir stefnu John Dewey og Lev Vygotsky. Í leikskólanum hafa elstu börnin fengið stafainnlögn og þeim eru kennd hugtök í stærðfræði, einnig eru þau þjálfuð í að segja frá, hlusta og semja sögur.

Elisabeth Hauge
Aðalbjörg Sigurvaldadóttir

Byggðasafn Norður-Þingeyinga

Í starfsemi Byggðasafns Norður-Þingeyinga er lögð mikil áhersla á fræðslustarf. Fyrir utan lögbundið fræðsluhlutverk safnsins er markmið safnsins að safnkosturinn sé gestum á öllum aldri til fróðleiks, skemmtunar og örvunar. Safnið er gátt inn í líf forfeðranna og safnaheimsóknir eru mikilvægur þáttur í samfélags- sögu- og grenndarkennslu. Boðið er upp á skipulagðar heimsóknir í safnið fyrir elstu hópa í leikskóla og 4. bekk. Að auki taka starfsmenn safnsins á móti skólahópum á öllum aldri í samstarfi við kennara.

Heilsugæsla

Skólaheilsugæslan er hluti af heilsugæslunni og framhald af ung- og smábarna-vernd. Markmið skólaheilsugæslunnar er að efla heilbrigði nemenda og stuðla að vellíðan þeirra. Skólaheilsugæsluhjúkrunarfræðingur er ekki meðferðaraðili en hefur þekkingu til að veita stuðning, ráðgjöf og eftirfylgd á heilsugæslustöðinni sé þess óskað. Starfsfólk skólaheilsugæslunnar vinnur í náninni samvinnu við foreldra/forráðamenn, skólastjórnendur, kennara og aðra sem koma að málefnum nemenda með velferð nemenda að leiðarljósi. Þannig er stuðlað að því að börn fái að vaxa, þroskast og stunda nám sitt við bestu líkamlegu og andlegu skilyrði. Starfsemi skólaheilsugæslunnar er skv. lögum, reglugerðum og tilmælum sem um hana gilda. Í henni felast skoðanir, bólusetningar og heilbrigðisfræðsla, ásamt ráðgjöf til nemenda, fjölskyldna þeirra og starfsfólks skólans. Farið er með allar upplýsingar sem trúnaðarmál.

Heilbrigðisfræðsla er einn af mikilvægustu þáttum í heilsuvernd grunnskólabarna. Markmið fræðslunnar er að auka þekkingu nemenda á heilsu og þáttum sem hafa áhrif á hana. Heilbrigðisfræðslan getur þannig haft jákvæð áhrif á viðhorf og stuðlað að heilbrigðum lífsstíl. 6H- heilsunnar er samstarfsverkefni Miðstöðvar heilsuverndar barna, Lýðheilsustöðvar, Landlæknis o.fl. Markmið verkefnisins er að útbúa kennslugögn fyrir starfsfólk skólaheilsugæslunnar til að nota við heilbrigðisfræðslu og þannig stuðla að aukinni og samræmdri heilbrigðisfræðslu í grunnskólum landsins. Sú hugmynd sem höfð er að leiðarljósi er að börnin læri í gegnum athafnir og því fylgja oft sérstök verkefni með hverri fræðslu. Lögð er áhersla á það jákvæða frekar en vera með hræðslu-áróður. Sjá nánar á netinu www.6h.is

Fræðsla:

1. **bekkur:** Hollusta, hreinlæti (tannheilsa og handþvottur), hreyfing/hjálmafræðsla.
2. **bekkur:** Hvíld og hamingja.
3. **bekkur:** Hollusta og hreyfing.
4. **bekkur:** Slysavarnir, hreinlæti (tannheilsa), hamingja, sjálfsmynd.
5. **bekkur:** Hreyfing, hollusta, hamingja og samskipti.
6. **bekkur:** Kynþroskinn.
7. **bekkur:** Hugrekki, hreinlæti (tannheilsa).
8. **bekkur:** Hollusta og hreyfing, hugrekki
9. **bekkur:** Kynfræðsla.
10. **bekkur:** Viðtal. Kynning á heilsugæslunni.

Sjá upplýsingar www.6h.is

Þar sem samkennsla er geta tveir eða fleiri bekkir verið teknir saman í fræðslu.

Fundir:

Venjan er að skólahjúkrunarfræðingur sitji nemendarverndarfundi.

Skólaskoðanir:

Heilbrigðisskoðanir eða skólaskoðanir eru árlega hjá öllum grunnskólabörnum sem tilheyra heilsugæslustöðvunum á Raufarhöfn og Kópaskeri.

Lyfjaumsjón:

Börn skulu ekki hafa lyf undir höndum í skólanum nema í undantekningartilfellum og þá í samráði við kennara og skólahjúkrunarfræðing. Slíkar lyfjagjafir geta t.d. verið ofnæmis-sprautur, insúlingjafir og ofvirknilyf.

Slys og veikindi:

Mikilvægt er að skólaheilsugæslan viti af börnum sem eru með langvinna og/eða alvarlegan sjúkdóm s.s. sykursýki, ofnæmi, flogaveiki og blæðingarsjúkdóma. Ef óhapp eða slys verða á skólatíma sér starfsfólk skólans um fyrstu hjálp. Ef nemandi þarf að fara á heilsugæslustöð er reynt að ná í foreldra/forráðamenn sem geta þá fylgt barninu, en ef um mjög alvarleg veikindi eða slys er að ræða og barn þarf að fara strax á heilsugæslustöð, þá fylgir starfsmaður skólans barninu, ef þarf.

Mjög mikilvægt er því að skólinn hafi öll símanúmer þar sem hægt er að ná í foreldra/-forráðamenn barnsins.

Tannvernd:

Skólinn býður öllum nemendum skólans upp á flúorskól ½ mánaðarlega og þurfa foreldrar að láta vita ef barn á ekki að fá flúorskólun. Skólahjúkrunarfræðingur getur falið starfsmanni/skólaliða að sjá um skólun.

Lús:

Ef upp kemur lús í skólanum er send tilkynning um það heim ásamt leiðbeiningum um meðferð. Kembing og meðferð er á ábyrgð foreldra og mikilvægt að foreldrar skoði hár barna sinna reglulega. Einnig er nauðsynlegt að láta skólahjúkrunarfræðing eða kennara

vita ef barn fær lús þar sem atvikin eru tilkynningarskyld til Landlæknis. Barn sem fær lús getur mætt í skóla um leið og varúðarráðstafanir eru hafnar og fyrstu meðferð með lúsadrepanði lyfi er lokið. Það þarf því ekki að missa úr skóla.

Svefn barna:

Til að börnum líði vel og séu hæf til að takast á við verkefni dagsins þurfa þau nægan svefn, en svefnþörf skólabarna er 8-10 klst. á sólahring.

Líðan barna:

Til að njóta sín í námi verður barninu að líða vel í skólanum. Skólaheilsugæslan hvetur foreldra til að vera vakandi yfir líðan barna sinna og spyrja þau reglulega um líðan sína. Einnig hafa það hugfast að hrós og hvatning styrkja jákvæða hegðun og auka vellíðan. Foreldrar geta ávallt leitað ráðgjafar hjá skólaheilsugæslunni varðandi andlegt, líkamlegt og félagslegt heilbrigði barnsins.

Samtök fámennra skóla, SFS

Meginhlutverk Samtaka fámennra skóla er að standa vörð um hagsmuni fámennra skóla á öllum skólastigum, efla samstarf þeirra á ýmsum sviðum og stuðla að fjölbreyttara skólastarfi. Eigi byggð að lifa í dreifbýli verður mikilvægi þess að þar séu góðir skólar seint ofmetið. Þá hafa Samtök fámennra skóla kynnt ýmsar nýjungar í skólastarfi, beitt sér fyrir faglegri umræðu um skólamál og sérstaklega kynnt kosti samkennslunnar, en það er það kennsluskipulag sem fámennir grunnskólar styðjast að mestu við.

Samstarf við Tónlistarskóla Húsavíkur

Kennarar frá Tónlistarskóla Húsavíkur koma í skólann þrjá daga í viku, þriðjudaga til fimmtudaga, til að kenna einstaklings- og hópkenndu. Á fimmtudögum er kennd tónmennt í 1.-8. bekk og þá fá nemendur m.a. kenndu á marimbahljóðfæri sem keypt voru í skólann í október 2011. Kennarar við Tónlistarskólann eru þær Steinunn Halldórsdóttir, Lisa McMaster og Elisabeth Hauge. Stefnt er á að 9. og 10. bekkur fær marimbakennslu á vorönn.

Samsöngur er einu sinni í viku, á þriðjudögum, safnast nemendur leik- og grunnskóla og kennarar saman í gryfju til að syngja. Í söngstund eru valin lög sem henta öllum aldurs- hópum og jafnvel erlend lög og textar. Söngstundin er í umsjá Steinunnar Halldórsdóttur og Elisabethar Hauge.

Atvinnuþema

Það er orðin hefð að Öxarfjarðarskóli bjóði nemendum, sem það kjósa, að verja þremur skóladögum við sauðburðarstörf á sveitaheimilum í héraðinu. Yfirgnæfandi meirihluti nemenda hefur tekið þessu boði fagnandi og þeir hafa notið þess í ríkum mæli að fá tækifæri til að kynnast undirstöðuatvinnugrein héraðsins. Öxarfjarðarskóli þakkar bændum og fjölskyldum þeirra fyrir einstaka lipurð og velvild í garð þessa verkefnis.

Þá hafa fyrirtæki á svæðinu tekið afar vel á móti nemendum skólans þegar eftir því hefur verið leitað. Þau hafa einnig stutt fjáröflunarstarf nemendafélagsins með ráðum og dád. Öxarfjarðarskóli þakkar forstöðumönnum og starfsfólki fyrirtækjanna fyrir ánægjulegt samstarf og velvild á liðnum árum.

Þemavika

Tekin var ákvörðun, skólaárið 2011-2012, um að brjóta upp skólastarfið á miðju skólaári og vikuna 13. – 17. febrúar verða þemadagar í Öxarfjarðarskóla. Við stefnum á að þetta verði árlegur viðburður í Öxarfjarðarskóla. Á þemadögum verður skólastarfið brotið upp. Við erum búin að fá danskennara og allir nemendur læra nýja dansa og mun

dansinn taka töluvert pláss þessa daga. Það verður gengið á fjöll, hefðbundið bóknám verður brotið upp og tekið fyrir á annan hátt, myndverk unnin út frá þjóðsögum, búnir til leikir, æfð leikrit og farið í leiki, o.fl. Þemað verður sköpun. Nemendur skapa m.a. með sér nýja reynslu með því að læra nýjan dans eða ganga á nýtt fjall, fást við ný verkefni og s.s. að hanna leik og leikreglur, áþreifanleg verkefni í stærðfræði o.fl. Yngsti hópurinn, 1.-4. bekkur, fær nýja upplifun þ.e. að kynna björgunarsveitarbúnaði og starfi. Formaður Björgunarsveitarinnar Núpa, kemur með björgunarsveitarbílinn og búnað og kynnir fyrir nemendahópnum.

Sköpun er einn af grunnþáttum í nýrri Aðalnámskrá Menntamálaráðuneytis 2011.

MAT Á SKÓLASTARFI 2011 - 2012

Hvers vegna sjálfsmat?

Rökin fyrir því að meta skólastarfið í Öxarfjarðarskóla eru af tvennum toga. Annars vegar er um að ræða utanaðkomandi fyrirmæli sem birtast í lögum og reglugerðum stjórnvalda og hins vegar er það innri hvati, það er að segja löngun starfsmanna skólans til að bæta skólastarfið.

Rafrænt skólamat Sifjar Vígbórsdóttur og Valdimars Helgasonar er eitt af þeim tækjum sem skólinn hefur yfir að ráða til innra mats.

Ytri hvati

Lögum samkvæmt á Sveitarfélagið að sjá um að gerð sé úttekt á skólastofnunum innan þess á þriggja ára fresti þ.e.a.s. ytra mat.

Í 49. grein laga um grunnskóla nr. 66/1995 segir:

Sérhver grunnskóli innleiðir aðferðir til að meta skólastarfið, þar á meðal kennslu- og stjórnunarbætti, samskipti innan skólans og tengsl við aðila utan skólans. Á fimm ára fresti skal að frumkvæði menntamálaráðuneytisins gerð úttekt á sjálfsmatsaðferðum skóla.

Úr bæklingi um sjálfsmat skóla (Menntamálaráðuneytið 1997)

Margir ólíkir þættir hafa áhrif á skólastarf s.s. kröfur og þarfir nemenda, samfélags og atvinnulífs, námsstaða nemenda og viðhorf og væntingar foreldra. Miklu skiptir að skólar leitist við að koma til móts við ólíkar þarfir þessara aðila á markvissan hátt og meta reglulega starf sitt og stöðu. Sjálfsmat er ein leið til þess að miðla þekkingu á skólastarfi, upplýsingum um það og kynna lausnir á vandamálum og er einnig leið til umbóta í skólastarfi. Jafnframt er sjálfsmat liður í þróun og í vexti skólans... Megintilgangur sjálfsmats er að gera starfsfólki skóla auðveldara að vinna að framgangi markmiða skólans, meta hvort þeim hafi verið náð, endurskoða þau og stuðla að umbótum.

Úr Aðalnámskrá grunnskóla, 2011 – almennum hluta:

Mennta- og menningarmálaráðuneytið og eftir atvikum sveitarfélög bera ábyrgð á ytra mati leikskóla, grunnskóla og framhaldsskóla, samkvæmt sérstakri reglugerð. Mennta- og menningarmálaráðuneytið gerir áætlanir til þriggja ára um ytra mat, kannanir og úttektir, sem miða að því að veita upplýsingar um framkvæmd skólabalds í leik-, grunn- og framhaldsskólum.

Innri hvati

Öxarfjarðarskóli er að skoða skólastarfið í ljósi nýrrar Aðalnámskrár, 2011, og grunnþáttanna sex. 1. febrúar, 2012, er stefnt á sameiginlegan starfsdag skólastofnana í Norðurþingi þar sem starfsfólk þessara stofnana hittist og verður þar m.a. fjallað um grunnþættina í nýrri Aðalnámskrá Menntamálaráðuneytis. Það er gert ráð ráð fyrir að skólarnir hafi þrjú ár til aðlögunar að nýrri Aðalnámskrá.

Skólinn hefur á að skipa áhugasömu og hæfu starfsfólki sem leggur metnað sinn í að bæta skólastarfið, þannig að það verði sem ánægjulegast, árangursríkast og markvissast. Til að svo megi verða er gagnlegt að meta starfið reglulega og nota niðurstöðurnar sem

vegvisi í umbótastarfi. Um þetta eru væntanlega allir sammála, þó svo menn greini á um matsaðferðir, matstæki og eftirlitshlutverk stjórnvalda.

Í skólanámskrá ber að skilgreina markmið og áherslur skólans og í raun alla þá þætti sem sjálfsmat skóla þarf að ná til. Skólanámskráin er því leiðarljós og grundvallargagn í matsstarfinu og endurskoðun hennar hluti af því. Sú skólanámskrá sem hér liggur fyrir er í vissum skilningi skref okkar í átt til skipulegs og formlegs sjálfsmats. Í fyrri hluta leggjum við áherslu á að setja hinar almennu áherslur skólans fram með skipulögðum hætti, en í síðari hluta námskrárinnar er ítarleg útfærsla á kennslufræðilegum áherslum og námsmarkmiðum fyrir einstaka námshópa og kennslugreinar. Litli vísir og Stóri vísir er nú samofið plagg og eingöngu gefið út á rafrænu formi.

Hver er tilgangurinn með sjálfsmati?

- Finna leiðir til að bæta starfið í skólanum, að gera gott skólastarf betra
- Athuga, á formlegan hátt, hvort áherslur í skólanámskrá nái fram að ganga í daglegu starfi skólans (náum við að gera það sem við viljum að gert sé í skólanum)
- Kanna hvort einhverjir kennsluhættir eru vænlegri en aðrir til að skila árangri
- Finna styrkleika og veikleika skólastarfsins
- Fá fram áherslur og væntingar nemenda, foreldra og starfsfólks til skólastarfsins
- Fá fram stöðu skólans í dag svo hægt sé að leggja grunn að framtíðarsýn skólans og byggja umbótaáætlun og endurmenntunaráætlun á því mati.

Val á matsaðferðum og matstækjum

Skólamat, matskerfi sem Sif Vígbórsdóttir og Valdimar Helgason hafa samið er það matstæki sem Öxarfjarðarskóli tók upp.

- Hvenær og hverjir?

SKÓLAÁRÍÐ 2011 - 2012

TÍMI	AÐGERÐ	ÞÁTTTAKENDUR
Haustönn og vorönn	Uppfæra skólanámskrá, bæði Litla og Stóra Vísi í samofið skjal. Skólanámskráin myndar viðmiðunargrunn fyrir sjálfsmat.	Allir starfsmenn, auk umsagnaraðila
Vorönn 2012	Útfæra betur lögbundið mat á skólastarfi og kynna á fundum og í skólanámskrá.	Skólastjórnendur og starfsfólk
Vorönn 2012	Leggja Skólamat Sifjar og Valdimars fyrir skólasamfélagið.	Skólastjórar, starfsfólk, nemendur, foreldrar, foreldrafélag, skólaráð.
Apr.– maí 2012	Unnið úr niðurstöðum sjálfsmats.	Skólastjórar, matshópur, kennarar, annað starfsfólk, skólaráð.

Ytra mat – Úttekt

Eitt af lögbundnu verkefnum sveitarfélagsins er að sinna mati og eftirliti með gæðum skólastarfs og láta ráðuneyti í té upplýsingar um framkvæmd skólahalds, innra mat skóla og ytra mat sveitarfélags, framgang skólastefnu sinnar og áætlanir um umbætur. (37. gr. laga um grunnskólalög og 19. gr laga um leikskóla). Okkur stóð til boða að sækja um, til Mennta- og menningarmálaráðuneytisins, úttektir á skólanum, okkur að kostnaðarlausu og sótti skólastjóri Öxarfjarðarskóla ásamt fulltrúa menningar- og fræðslusviðs, um slíka úttekt. Þrír grunnskólar á landinu gátu fengið slíka úttekt. Öxarfjarðarskóli er búinn að

fá jákvætt svar og hefur Menntamálaráðuneytið falið Attentus ehf. að vinna úttekt á Öxarfjarðarskóla á vormisseri 2012.

- Hvenær og hverjir?

SKÓLAÁRIÐ 2011 - 2012

TÍMI	AÐGERÐ	ÞÁTTTAKENDUR
Febr/Mars 2012	Ytra mat á vegum Menntamálaráðuneytis. Attentus ehf. Vinnur úttekt á Öxarfjarðarskóla á vorönn 2012.	Skólastjórar, starfsfólk, nemendur, foreldrar, foreldrafélag, skólaráð, ofl.
Apr.– maí 2012	Unnið úr niðurstöðum úr Ytra mati (þegar þær berast).	Skólastjórar, matshópur, kennarar, annað starfsfólk, skólaráð.

HUGMYNDIR AÐ UMBÓTAVERKEFNUM 2011-2013

Skerpa kennslufræðilegar áherslur

- Vinna heildstæðar áætlanir fyrir einstakar námsgreinar og námshópa. Skilgreina námsmarkmið og ákveða hvenær á námsferlinum þau eru tekin fyrir.
- Halda áfram vinnu við gerð kennsluáætlana fyrir einstaka námshópa
- Halda áfram gerð námsvísa og annarra hjálpartækja sem auðvelda nemendum að hafa sjálfir yfirsýn yfir námsmarkmið og þau kennslugögn sem henta
- Skilgreina kosti samkennslu og hvernig við getum hagnýtt þá sem best
- Auka fjölbreytni kennsluaðferða
- Bæta miðlun reynslu og þekkingar innan kennarahópsins

Skilgreina framtíðarsýn okkar á skólastarfið

- Setja fram þau gildi sem skólastarf í Öxarfjarðarskóla byggir á
- Skilgreina sérstöðu skólans og starfsins - Hver er okkar sérstaða?
- Setja okkur einkunnarorð og hafa sýnileg í skólanum
- Setja fram sýn okkar á starfið í skólanum – Hvert viljum við stefna?

Vinna að námsmatsstefnu skólans

- Skilgreina betur á hverju námsmat í skólanum byggir
- Auka fjölbreytni í matsaðferðum og gera það einstaklingsmiðaðra
- Hvernig skilum við námsmati ?

Endurskoðun Stóra-Vísis

- Samræma enn frekar framsetningu kennsluáætlana með tilliti til útgáfu í Stóra-Vísi.

ENDURMENNTUNARÁÆTLUN 2011 - 2012

Kennsluáætlanir, námsvísar, skólanámskrá og sjálfsmat setja mark sitt á skólaárið 2011-2012. Stefnt er á umhverfisverkefni.

Fámennir skólar - samkennsla

Þar sem skólinn er fámennur og samkennsla árganga er og verður mikil þarf stöðugt að efla færni kennara í því vandasama hlutverki að kenna tveimur til fjórum árgöngum í sömu kennslustofu á sama tíma. Kennarar skólans munu sækja námskeið um kennslufræði samkennslunnar eftir því sem þau bjóðast.

Gerð kennslu- og námsáætlana

Mikilvægt er að styrkja gerð kennslu- og námsáætlana í aldurs- og getublönduðum hópum, með áherslu á sveigjanlega kennsluhætti og uppeldi til ábyrgðar á eigin námsframvindu.

Uppbyggingarstefnan

Áfram verður unnið að Uppbyggingarstefnunni og skerpt á þeim gildum sem við höfum valið okkur.

Nýsköpun og frumkvöðlastarf

Þann 13. febrúar býðst starfsfólki Öxarfjarðarskóla námskeið á vegum Nýsköpunarstöðvar Íslands. Kynning á nýsköpun og frumkvöðlastarfi kemur frá Impru á Húsavík og mun Erla Sigurðardóttir koma með fyrirlestur til okkar. Frá Impru á Sauðárkrók kemur Þorsteinn Broddason með kynningu á hönnunarforritinu **FabLab**.

Námsmat

Þörf er á að yfirfara námsmat í skólanum og leita leiða til að byggja upp einstaklingsmiðað mat, þ.e. að meta nemendur meira út frá eigin forsendum og framförum. Áhugi er á því að taka upp taka upp leiðsagnarmat í Öxarfjarðarskóla og fara á námskeið í þeim efnum.

Mat á skólastarfinu

Í grunnskólalögum er kveðið á um að hver skóli skuli innleiða aðferðir til að meta skólastarfið. Skólamat Sifjar Vígbórsdóttur og og Valdimars Helgasonar varð fyrir valinu sem eitt af matstækjum Öxarfjarðarskóla. Lagðar eru kannanir fyrir nemendur og foreldra einu sinni á ári. Hægt er að nálgast niðurstöður kannananna á vefsíðu skólans í eldri fréttum. Stefnt er á þessar kannanir áfram en jafnaframt á endurskoðun spurningalista

Vellíðan á vinnustað

Mikilvægt er að vinna að því að starfsfólki og nemendum skólans líði sem best á vinnustaðnum. Það eykur starfsgleðina og þar með starfsorkuna, en samkvæmt rannsóknnum fer þetta tvennt gjarnan saman. **Stefnt er á ánægjulegar samverustundir starfsmanna utan og innan skólans m.a. leikhúsferðir, námskeið og stefnt er á gönguferð í ágúst, upphafi skólaárs 2012-2013, undir leiðsögu Sigprúðar Stellu Jóhannsdóttur sem nýlega gaf út *Handbók um náttúrutúlkun*.**

Kennaranám/starfsmenntun

Öxarfjarðarskóli mun reyna að styðja þá kennara sem stunda kennaranám eins og frekast er unnt, enda er það ómetanlegt fyrir skólann að starfsmenn hans auki við menntun sína á þennan hátt. Sama máli gegnir um þá starfsmenn sem sækja sér viðbótarþekkingu með lengri eða skemmri námskeiðum. Samstarfsverkefni Öxarfjarðarskóla við Háskólann á Akureyri, **Byrjendalæsi**, lýkur í vor. Við stefnum á framhald, **orð af orði**, eins stefnum við á **námskeið í leiðsagnarmati, skyndihjálp og stærðfræði og útikennslu**.

SKIPULAG NÁMSHÓPA

Inngangur

Öxarfjarðarskóli stefnir á að skólaárið hefjist og ljúki með sundnámskeiðum ef nokkur kostur er. Meðan á sundnámskeiðum stendur er reynt að skapa svigrúm fyrir leikskólabörn að ná öryggi í vatninu með leiðsögn íþróttakennara og dyggum stuðningi foreldra og starfsmanna.

Almenn markmið

Markmið skólastarfsins er að stuðla að alhliða þroska og menntun nemenda og efla andlegt og líkamlegt heilbrigði þeirra. Skólinn leitast við að ná þessum markmiðum, meðal annars með því að:

- stuðla að almennri vellíðan barna í skólanum, þannig að þau öðlist þá tilfinningu að skólinn sé öruggur og hlýlegur samastaður í leik og starfi, en skilji jafnframt tilgang og nauðsyn reglna og góðra umgengnishátta.
- efla sjálfstraust og jákvæða sjálfsmynd nemenda.
- búa nemendum frjótt námsumhverfi sem hvetur þá til að afla sér þekkingar og leikni, til sjálfstæðra vinnubragða og ábyrgðar á eigin námi.
- örva sjálfstæða hugsun og temja nemendum að bera ábyrgð á eigin athöfnum og viðfangsefnum.
- glæða fróðleiksfýsn nemenda og hjálpa þeim að skilja og nota hugtök.
- örva ímyndunarafl nemenda og veita þeim tækifæri til að tjá sig á margvíslegan hátt; hlusta, meta, spyrja og taka gagnrýni.
- stuðla að jákvæðu viðhorfi til náms, þannig að nemendur kjósi að leggja rækt við það og það verði þeim uppspretta ánægju, vinnugleði og stolts yfir vel unnu verki.
- hlúa að hirðusemi, kurteislegri framkomu og tillitssemi við samnemendur, starfsmenn og gesti.

[*Aðalnámskrá grunnskóla, almennurhluti \(PDF skrá\):*](#)

Í Öxarfjarðarskóla er hver kennslustund ein klukkustund og er miðað við það í eftirfarandi námsáætlunum.

NÁMSGREINAR

Tónmennt

Tónmennt er kennd í 1. – 10. bekk.

Kennarar

Steinunn Halldórsdóttir, Elisabeth Hauge og Lisa McMaster

Efnispættir

- Söngur, raddbeiting og framburður
- Spuni á hljóðfæri
- Hlustun, tónlistarævintýri og ýmis tónlist
- Hreyfing tengd hlustun
- Taktur / hryrleikir: mismunandi leikir sem æfa hryr/ takt, púls og samhæfingu

Námsmarkmið

Að vekja áhuga hjá nemandanum, jákvæða afstöðu til tónlistar og tónlistariðkunar og þroska jafnframt hæfni hans til að njóta tónlistar og gera sér grein fyrir gildi hennar
[Sjá nánar Aðalnámskrá grunnskóla; Listgreinar bls 54-84](#) (PDF skrá)

Íslenska

Íslenska 1.-4. bekkur

Kennarar

Vigdís Sigvarðardóttir og Guðrún Margrét Einarsdóttir

Efnispættir

- Lestur
- Talað mál
- Hlustun og áhorf
- Bókmenntir
- Ljóð

Námsefni

Lestrarefni eru léttlestrarbækur ýmiskonar sem og ýmsar sögubækur, samfélagsfræðibækur sem kenndar eru í Byrjendalæsi. Vinnubækur með lestrarbókum, ljósrituð hefti, Lesa og skilja, Ritrún, Ás, Tvistur. Nemendur vinna einnig með ritun með sögurömmum. Ljóðsproti og fjölritað efni. Orðabækur. *Skrift* 1-4 eftir Björgvin J., Kristbjörgu E og Þórir S. og sóknarskrift.

Námsmarkmið

[Sjá markmið í íslensku í Aðalnámskrá Grunnskóla 2007, íslenska.](#) (PDF skrá)

Kennsluaðferðir

Samkenntsla árganga kallar á fjölbreyttar kennsluaðferðir, s.s.sýnikennsla, skriflegar æfingar, lestur, spurt og spjallað, samræðuaðferð, námsspil, samvinnunám. Ljóð lærð utan að og höfundar kynntir. Ljóð lesin og skoðað m.a. rím og ljóðstafir, taktur, endurtekningar og orðaval og þau áhrif sem þessi atriði hafa. Sögur lesnar og lesskilningsverkefni unnin. Nemendur taki þátt í leikrænni tjáningu á bókmenntatexta og fái tækifæri til að lesa eða kynna þjóðsögum, ævintýrum, dæmisögum og skopsögum. Kynnist verkum valinna íslenskra rithöfunda.

Kennslufyrirkomulag

Daglega er unnið að íslenskutengdu námi með einstaklingsmiðun að leiðarljósi þar sem efnisþættir íslenskunnar eru þjálfaðir eftir leiðum og á þeim hraða sem hentar hverjum nemanda. Ritun í verkefna og úrklippubók, einnig ritun tengd sögurömmum o.fl.

Ýmis verkefni og vinnubækur unnar.

Útinám.

Námsmat

Námsmat byggir á símati, prófum og verkefnum.

Íslenska 5.-6. bekkur**Kennari**

Guðrún S. Kristjánsdóttir

Efnisþættir

- Lestur og lesskilningur
- Gagnvirkur lestur
- Talað mál og framsögn
- Hlustun og áhorf
- Ritun
- Bókmenntir
- Málfræði

Námsefni

Ýmsar bækur ætlaðar til lestrar og verkefnavinnu, blöð og tímarit og verkefni tengd íslensku, s.s. *Skinna*, *Skræða* og *Skrudda*, *Málrækt 1, 2 og 3*, ýmsar skrifarbækur, *Réttitunarorðabók*, *Mál til komið*, *Mál í mótun* og *Mál er miðill* og annað ítarefni. Unnið er með bókmenntir, þar á meðal ljóð, hugtök og efni er rætt og fjallað um söguþráð að loknum lestri í máli, myndum og ritun.

Markmið

[Sjá Aðalnámskrá grunnskóla, íslenska. 2007 \(bls. 11-17\), vefslóð: \(PDF skrá\)](#)

Kennsluaðferðir

Einstaklingskennsla, hópavinna, samvinnunám o.fl.

Kennslufyrirkomulag

Kenndar er 3 kennslustundir á viku. Daglega er unnið að íslenskutengdu námi með einstaklingsmiðun að leiðarljósi þar sem efnisþættir íslenskunnar eru þjálfaðir eftir leiðum og á þeim hraða sem hentar hverjum nemanda.

Námsmat

Reglulega er farið yfir vinnu nemenda og skilningur kannaður á unnu efni. Leiðsagnarmat og símat á hegðun og ástundun. Próf eru lögð fyrir í ákveðnum þáttum m.a. lesskilningi og lestri.

Námsvísir/áætlun 2011-2012

Nemendur vinna reglulega í þeim námsbókum sem hver og einn er í og takast þar á við málfræði, stafsetningu, lesskilning, ljóð og fl.

Áhersla er lögð á bókmenntir s.s. þjóðsögur og klassískar skáldsögur. Á haustönn unnum með bókina *Óbyggðirnar kalla* eftir Jack London. Unnið var með efni bókarinnar út frá ýmsum vinklum, s.s. samfélagslegum, landfræðilegum og sagan einnig nýtt til umræðu út frá lífsleikni. Okkur tókst einnig að tengja sögu bókarinnar við heimabyggð. Námsmat þessarar vinnu voru lokaverkefni nemenda eftir að lestri bókarinnar er lokið. Lokaverkefni var ritun, framsögn og myndverk. Nemendum var skipt í hóp og fjallaði einn hópurinn um höfundinn, annar um samfélagið á þessum slóðum á þessum tíma og

enn aðrir um afmarkaða kafla sögunnar og endapunkturinn er áhorf á mynd byggða á sögunni. Bókin, sem heillaði nemendur, var þeim góður hvati til að þjálfá ýmsa þætti íslenskunnar s.s. lestur, talað mál, framsögn, ritun, hlustun og áhorf. Meðan á lestri bókar stendur þjálfá nemendur sig í skrift. Á vorönn höldum við áfram að vinna með bókmenntir og bætum við sérstakri þjálfun í stafsetningu, ritun, gagnvirkum lestri og málfræði.

Nám, heimanám og kennsla fer fram í skólanum.

Íslenska 7. bekkur

Kennari

Hrund Ásgeirsdóttir

Efnisþættir

- Lestur
- Gagnvirkur lestur
- Talað mál og framsögn
- Hlustun og áhorf
- Ritun
- Bókmenntir
- Málfræði

Námsefni

Skræða og verkefnabók 1 og 2, *Mályrkja 1* (valdir leskaflar), ýmis verkefni, *Fallorð og Orðbákur*. *Egils saga Skallagrimssonar – útvarpsleikhúsið + verkefni Skrift 7 og 8 - skriftaráttak*

Markmið

[Sjá markmið í íslensku í Aðalnámskrá Grunnskóla 2007, íslenska.](#) (PDF skrá)

Kennsluáðferðir

Einstaklingskennsla, hópavinna, samvinnunám o.fl.

Kennslufyrirkomulag

Samkennt er með 8. bekk 3 klukkustundir á viku. Ein kennslustund fer í sögustund þar sem samkennt er með 5., 6., og 8. bekk. Sérstök áhersla verður lögð á lestur og eiga nemendur að vera með valbók sem þeir eiga að lesa í a.m.k. 30 bls á viku og skrá í lestrardagbók. Einu sinni í viku er ritað í stílabók um efni bókarinnar. Framsögn verður æfð reglulega sem liður í undirbúningi að Stóru upplestrarkeppninni. Þá undirbúa nemendur bókakynningu á þeirri valbók sem þeir hafa verið að lesa.

Íslenska 8. bekkur

Kennari

Hrund Ásgeirsdóttir

Efnisþættir

- Lestur
- Hraðlestur
- Talað mál og framsögn
- Hlustun og áhorf
- Ritun
- Bókmenntir
- Málfræði
- Stafsetning

Námsefni

Mályrkja 1 lesbók og verkefnabók 1 og 2 , *Finnur I*, *Málfinnur*, *Skrifinnur*, *Fallorð og Orðhákur*. *Egils saga Skallagrímssonar* – útvarpsleikhúsið + verkefni Valið bókmenntaefni og fengist verður við ýmsar ritsmíðar. Skrifarátak

Markmið

[Unnið verður að námsmarkmiðum skv. Aðalnámskrá grunnskóla. Íslenska. 2007.](#) (PDF skrá)

Kennsluaðferðir

Innlögn, einstaklingskennsla, hópavinna, umræður, verkefni o.fl.

Kennslufyrirkomulag

3 kennslustundir á viku í samkenntu með 7. bekk.

Námsmat

Próf, kannanir, ástundun og verkefnaskil.

Íslenska 9.-10. bekkur**Kennari**

Hrund Ásgeirsdóttir

Efnisþættir

- Lestur
- Talað mál og framsögn
- Hlustun og áhorf
- Ritun
- Bókmenntir
- Málfræði
- Stafsetning

Námsefni

Finnur III, *Málfinnur*, *Skrifinnur* og *Mályrkja III* lesbók og verkefnabók. Einnig verður stuðst við bækurnar *Sagnorð*, *Smáorð* og *Ljóðspegla*, Heimi –handbók um heimildaritun, Hugfinn – handbók um bókmenntahugtök, *Smásagnasmáræði*, skáldsagan *Ég man þig* eftir Yrsu Sigurðardóttur. Fengist verður við ritgerðasmíð.

Markmið

[Unnið verður að námsmarkmiðum skv. Aðalnámskrá grunnskóla. Íslenska. 2007.](#) (PDF skrá)

Kennsluaðferðir

Innlögn, einstaklingskennsla, hópavinna, umræður, verkefni o.fl.

Kennslufyrirkomulag

Kenndar eru 4 kennslustundir á viku

Námsmat

Próf, kannanir, ástundun og verkefnaskil.

Stærðfræði

Stærðfræði 1.-4. bekkur

Kennarar

Vigdís Sigvarðardóttir, Guðrún Margrét Einarsdóttir og Lára Björk Sigurðardóttir.

Efnispættir

- tölur og talnagildi
- reikniaðgerðir
- rúmfræði
- klukka
- brot, prósentur og hlutföll
- tölfræði
- mynstur og algebra
-

Námsefni

Sproti 1 a og b til 4a og b. og Eining 1-8 ásamt aukaefni úr bókunum Stærðfræði handa Grunnskólum.

Námsmarkmið

Sjá markmið í stærðfræði í [Aðalnámskrá grunnskóla 2007, stærðfræði, bls 14-21](#); (PDF skrá)

Kennsluáðferðir

Einstaklingskennsla, hópavinna, samvinnunám o.fl.

Kennslufyrirkomulag

Daglega er unnið að stærðfræðitengdu námi með einstaklingsmiðun að leiðarljósi þar sem efnispættir stærðfræðinnar eru þjálfaðir.

Námsmat

Símat, verkefni og próf, samræmd próf hjá 4. bekk.

Stærðfræði 5.-6. bekkur

Kennari

Lára Björk Sigurðardóttir

Efnispættir

- Stærðfræði og tungumál
- Lausnir verkefna og þrauta
- Röksamhengi og röksemdafærslur
- Tengsl við daglegt líf og önnur svið
- Tölur
- Reikniaðgerðir, reiknikunnátta og mat
- Hlutföll og prósentur
- Mynstur og algebra
- Rúmfræði
- Tölfræði og líkindafræði

Námsefni

Sproti 4b, Stika 1a, Geisli 2 og 3 og ýmis verkefnablöð og bækur

Markmið

Sjá [Aðalnámskrá grunnskóla. Stærðfræði 2007 \(bls. 22-32\)](#). (PDF skrá)

Kennsluaðferðir

Einstaklingskennsla, hópvinna, samvinnunám o.fl.

Kennslufyrirkomulag

Daglega er unnið að stærðfræðitengdu námi með einstaklingsmiðun að leiðarljósi þar sem efnisþættir stærðfræðinnar eru þjálfaðir eftir leiðum og á þeim hraða sem hentar hverjum nemanda.

Námsmat

Reglulega er farið yfir vinnu nemenda og skilningur á unnu efni kannaður. Lotubundnar kannanir, próf og símat á hegðun og ástundun.

Stærðfræði 7.-8. bekkur**Kennari**

Inga Fanney Sigurðardóttir

Efnisþættir

- Stærðfræði og tungumál
- Lausnir verkefna og þrauta
- Röksamhengi og röksemdafærslur
- Tengsl við daglegt líf og önnur svið
- Tölur
- Reikniaðgerðir, reiknikunnátta og mat
- Hlutföll og prósentur
- Mynstur og algebra
- Rúmfræði
- Tölfræði og líkindafræði

Námsefni

Geisli 2 og 3, ÁTTA – tíu 1, ÁTTA – tíu 2 og ýmis verkefnablöð, bækur og annað ítarefni tekið fram eftir þörfum.

Markmið

Sjá [Áðalnámskrá grunnskóla. Stærðfræði 2007 \(bls. 22-32\).](#) (PDF skrá)

Kennsluaðferðir

Einstaklingskennsla, hópvinna, útikennsla, samvinnunám, þemavinna o.fl.

Kennslufyrirkomulag

Daglega er unnið að stærðfræðitengdu námi með einstaklingsmiðun að leiðarljósi þar sem efnisþættir stærðfræðinnar eru þjálfaðir eftir leiðum og á þeim hraða sem hentar hverjum nemanda. Vegna samkennslu árganga verður að viðhafa vissan sveigjaleika varðandi efnisþætti

Námsmat:

Símat er viðhaft og reglulega er farið yfir bækur nemenda og kannaður skilningur á unnu efni. Próf eru á hefðbundnum prófatíma. 7. bekkur fer í samræmt próf.

Stærðfræði 9.-10. bekkur

Kennarar

Kristján Ingi Jónsson og Lára Björk Sigurðardóttir

Efnispættir

- Tölur
- Reikniaðgerðir, reiknikunnátta og mat
- Hlutföll og prósentur
- Mynstur og algebra
- Rúmfræði
- Tölfræði og líkindafræði

Námsefni

Að mestu verða notaðir tveir bókaflokkar: 8 – *tíu bækurnar* (bækur 3 til 6) og *Almenn Stærðfræði fyrir grunnskóla* (bækur I til III). Reynt er að fá nemendum námsefni sem hentar þeirra stöðu og getu og er því kennsla og yfirferð mjög einstaklingsbundin. Einnig fá nemendur ljósritað aukaefni, þrautir og heimanámsverkefni.

Markmið

Sjá þrepamarkmið í stærðfræði í [Aðalnámskrá grunnskóla 2007, stærðfræði](#) (bls.33 – 45). (PDF skrá)

Kennsluaðferðir

Innlögn, verkefnavinna, hópavinna, þrautalausnir ofl.

Kennslufyrirkomulag

Kennt er í klukkustundar löngum kennslustundum, alls 4 á viku. Höfð er einstaklingsmiðun að leiðarljósi þar sem efnispættir stærðfræðinnar eru þjálfaðir eftir leiðum og á þeim hraða sem hentar hverjum nemanda.

Námsmat:

Próf á miðjum vetri og svo annað í vor sem taka til alls námsefnis vetrarins, kannanir í lok hvers efnispáttar, heimanámsverkefni, vinnubók, ástundun og vinnusemi.

Enska

Enska 5.-6. bekkur

Kennari

Guðrún Sigríður Kristjánsdóttir

Efnispættir

- Hlustun
- Lestur
- Talað mál – samskipti
- Talað mál – frásögn
- Ritun

Námsefni

Grunnbækur eru *Speak out*, *Work out* og *Build up*, ásamt *Enskum málfræðiafingum A* og léttlestrarbækur sem fylgja *Portfolio* efninu eru notaðar eftir þörfum ásamt efni af vef.

Markmið

Námsmarkmið skv. [Aðalnámskrá grunnskóla 2007. Erlend tungumál](#). (bls.18, 20-22)

Kennsluaðferðir

Bein kennsla, verkefni og hópavinna.

Kennslufyrirkomulag

Kenndar eru tvær kennslustundir á viku.

Námsmat

Símat og kannanir í tímum ásamt leiðsagnarmati og prófum á hefðbundnum prófatíma.

Áætlun

Við förum í gegnum *Speak out*, *Work out* og *Enskar málfræðiafingar A* á haustönn. Líttlestrarbækur notaðar eftir þörfum. Á vorönn stefnum við á að fara gegnum *Build up 1* og *Enskar málfræðiafingar B*.

Líttlestrarbækur áfram notaðar eftir þörfum ásamt efni á vef.

Nám, heimanám og kennsla fer fram í skólanum.

Enska 7.-8. bekkur**Kennari**

Inga Fanney Sigurðardóttir

Efnispættir

- Hlustun
- lestur
- talað mál
- ritun.

Námsefni:

Action + verkefnabækur A og B, *Spotlight + verkefnabækur*, *Enskar málfræðiafingar A og B*.
Ýmsar líttlestrarbækur

Markmið

Námsmarkmið skv. [Aðalnámskrá grunnskóla 2007; erlend tungumál](#), bls 20-24 (PDF skrá)

Kennsluaðferðir

Bein kennsla, verkefni og hópavinna.

Kennslufyrirkomulag

Kenndar eru tvær kennslustundir á viku

Námsmat

Ástundun, verkefnabók, kannanir og próf.

Enska 9.-10. bekkur**Kennari**

Hrund Ásgeirsdóttir

Efnispættir

- Hlustun
- Lestur
- Talað mál
- Ritun

Námsefni

Accent on English, lesbók og vinnubók. Einnig verða unnir valdir kaflar úr bókinni *Move on!* Mikið verður lagt upp úr ritun. Lesnar verða líttlestrarbækur auk efnis af vef. Áhugasviðsverkefni og kvikmyndagagnrýni.

Markmið

Unnið verður að námsmarkmiðum fyrir 10.bekk skv. [Aðalnámskrá grunnskóla. Erlend tungumál. 2007.](#) (bls. 29-30) (PDF skrá)

Kennsluaðferðir

innlögn, hópavinna og verkefni.

Kennslufyrirkomulag

Kenndar eru 2 kennslustundir á viku

Námsmat

Frammistaða í tímum, vinnubækur, kannanir og próf.

Danska**Danska 7. bekkur****Kennari**

Kristján Ingi Jónsson

Efnisþættir:

- Orðaforði
- Málkilningur
- Lestur
- Hlustun

Námsefni

Í vetur verður kennt nýtt námsefni í 7. bekk. Fyrri hluta vetrar verður kennt efnið *Start* og seinni hluta vetrar verður kennt efnið *Smart*. Efnið samanstendur af les- og vinnubók, auk hlustunarefnis og hugmyndum að leikjum og spilum. Bókin *Grammatik* verður notuð lítillega við innlögn á grunnatriðum í málfræði. Einnig munu nemendur lesa stuttar sögur og annað efni sem kennari leggur fyrir.

Markmið

[Aðalnámskrá grunnskóla, 2007; erlend tungumál - danska](#) bls. 29-32 (PDF skrá)

Kennsluaðferðir

Einstaklingsvinna, paravinna, hópavinna, leikir og spil.

Kennslufyrirkomulag

2 klukkustundir á viku. Annan tímann er 7. bekkur sér og þá er aðallega farið yfir texta í lesbók og hlustunaræfingar, hinn tíminn er sameiginlegur með 8.bekk. Í þeim tíma vinna nemendur meira sjálfstætt verkefni sem tengjast textunum sem áður var farið yfir. Einnig eru unnin sameiginleg verkefni sem kennari leggur fyrir og farið í leiki og æfingar með málið.

Námsmat

Próf, kannanir, verkefni og ástundun.

Danska 8. bekkur

Kennari

Kristján Ingi Jónsson

Efnispættir:

- Orðaforði
- Málskilningur
- Lestur
- Hlustun
- Ritun

Námsefni

Í 8. bekk er aðalkennsluefnið bókin *Tænk!*. Efnið samanstendur af lesbók og tveimur vinnubókum, auk hlustunarefnis, samtalsæfingum og hugmyndum að leikjum og spilum. Bókin Grammatik verður notuð lítillega við innlöggn á grunnatriðum í málfræði. Einnig munu nemendur lesa stuttar sögur og annað efni sem kennari leggur fyrir.

Markmið

[*Aðalnámskrá grunnskóla, 2007; erlend tungumál - danska*](#) bls. 29-34 (PDF skrá)

Kennsluaðferðir

Einstaklingsvinna, paravinna, hópavinna, leikir og spil.

Kennslufyrirkomulag

2 klukkustundir á viku. Annan tímann er 8. bekkur sér og þá er aðallega farið yfir texta í lesbók og hlustunaræfingar, hinn tíminn er sameiginlegur með 7. bekk. Í þeim tíma vinna nemendur meira sjálfstætt verkefni sem tengjast textunum sem áður var farið yfir. Einnig eru unnin sameiginleg verkefni sem kennari leggur fyrir og farið í leiki og æfingar með málið.

Námsmat

Próf, kannanir, verkefni og ástundun.

Danska 9.-10. bekkur

Kennari

Kristján Ingi Jónsson

Efnispættir

- Orðaforði
- Hlustun
- Lestur
- Talað mál
- Ritun

Námsefni

Grunnbókin *Ekke* ásamt vinnubókum A og B og hljóðbók. *Grammatik* og málfræði-verkefni sem henni fylgja auk annarra verkefna. Stefnt er á að lesa a.m.k eina léttlestrarbók eða smásögu að eigin vali auk annarra texta frá kennara.

Markmið

[*Aðalnámskrá grunnskóla, 2007; erlend tungumál - danska*](#) bls. 29-38 (PDF skrá)

Kennsluaðferðir

Einstaklingsvinna, paravinna, hópavinna, leikir og spil.

Kennslufyrirkomulag

2 kennslustundir á viku.

Námsmat

Próf, kannanir, verkefni og ástundun

Samfélagsgreinar og náttúrufræði**Samfélagsgreinar og náttúrufræði 1.-4. bekkur****Kennarar**

Vigdís Sigvarðardóttir og Guðrún Margrét Einarsdóttir

Efnispættir

Vegna samkenndu árganga og þess að skilin milli einstakra greina eru oft ekki ljós á yngsta stigi mun að mestu leyti verða um samþættingu námsgreina að ræða. Annars vegar samfélags- og náttúrufræði, kristin fræði, siðfræði og trúarbragðafræði ásamt lífsleikni.

- Tíminn, haust, vetur, vor, sumar, dagatal.
- Hafið
- Sjálfsmynd og félagslegt umhverfi
- Samskipti
- Innlifun og víðsýni
- Sköpunin
- Siðfræði
- Líkaminn
- Trúarbragðafræði
- Önnur þematengd verkefni
- Landnámið

Námsefni

Komdu og skoðaðu hafið og fleiri bækur í þeim flokki. Ýmsar sögubækur sem samþættast úr öðrum greinum.

Markmið**Að nemendur**

- Kynnist skólalóðinni og nánasta umhverfi skólans undir leiðsögn kennara.
- Kynnist líkama sínum, ræði mataræði og tannvernd.
- Kynnist nánasta umhverfi sínu öðlist þekkingu á umhverfi sínu og þeirri veröld sem hann lifir í og grundvallarreglum í samskiptum manna.
- Markmið samfélagsfræðinnar er að saman fléttist þekking, færni og tilfinning barnsins svo að það öðlist sífellt aukna vitund um samfélagið, umhverfið og söguna og tilfinningu fyrir liðnum tíma, nútið og framtíð og vitund og um að fyrirbæri mannlífsins eru breytingum undirorpin.

Kennsluaðferðir

Innlögn. Hugstormun. Umræður. Einstaklingsvinna. Hópvinnu. Föndur. Myndmennt. Sögur. Leikræn tjáning. Lesa upp og koma fram. Skoðunar- og vettvangsferðir.

Kennslufyrirkomulag

Þessar greinar eru samþættar íslenskunni, og þar með talið byrjendalæsinu og eru kenndar í kjarnatímum. 3 kennslustundir á viku.

Markmið

Samkvæmt áfagnamarkmiðum *Aðalnámskrár grunnskóla 2007*, sjá nánar í *Aðalnámskrá grunnskóla 2007: [Samfélagsgreinar](#)*, bls 9-14 , *[náttúrufræði og umhverfismennt](#)*, bls 14-17 og *[kristin fræði, siðfræði og trúarbragðafræði](#)*, bls. 9 (PDF skrár).

Námsmat

